

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Félagsheimili nútímans

Tilviksrannsókn um Hlégarð

Ritgerð til BA-gráðu

Nafn nemanda: Valur Þorsteinsson

Leiðbeinandi: Erna Guðrún Kaaber

(Haustönn – 2023)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Félagsheimili nútímans

Tilviksrannsókn um Hlégarð

Þessi ritgerð er 14 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í skapandi greinum við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst.

Óheimilt er að afrita ritgerðina með nokkrum hætti án leyfis höfundar.

© Valur Þorsteinsson, 2023

Útdráttur

Hvert er hlutverk félagsheimila í nútímasamfélagi? Markmiðið með þessum skrifum var að svara þeirri spurningu. Til að svara spurningunni var rýnt í fræðitexta um félagsheimili í gegnum tíðina ásamt rannsóknum sem tengjast viðfangsefninu. Til að öðlast skilning á starfsemi félagsheimila í nútímanum framkvæmdi höfundur meginlega tilviksrannsókn á félagsheimilinu Hlégarði í Mosfellsbæ ásamt því að taka óformlegt viðtal við viðburðastjóra Hlégarðs. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á skoðanir íbúa Mosfellsbæjar á starfsemi Hlégarðs og hlutverki félagsheimilisins í dag.

Niðurstöður leiddu í ljós fjölbreyttar skoðanir þátttakenda sem skiptust að mestu leyti upp eftir aldri. Þær ályktanir sem hægt var að draga út frá niðurstöðunum eru að Mosfellingar séu hlynntir því að bærinn komi að rekstri félagsheimilisins og að eftirspurn er eftir fjölbreyttri starfsemi í húsinu. Svo virðist sem hlutverk Hlégarðs eins og það birtist í dag sé sambland af rekstrarfyrirkomulaginu sem var við lýði síðustu 25 árin og þeirri starfsemi sem þekktist í félagsheimilum á árum áður. Þátttakendur rannsóknarinnar voru sammála um að hlutverk hússins sé að halda reglulega viðburði og skemmtanir en einnig að veita auðvelt aðgengi fyrir einstaklinga og samfélagshópa til að nota húsið. Starfsemi sem ýtir undir félagslega samheldni á borð við t.d. námskeið, kynningar, umræðuhittinga eða vinnustofur var einnig hluti af hlutverki Hlégarðs að mati þátttakenda. Þá var einnig skýr afstaða á meðal þátttakenda um rekstrarform Hlégarðs sem sýndi að afgerandi meirihluti er hlynntur því að Mosfellsbær sjái um rekstur og starfsemi hússins með beinum eða óbeinum hætti. Þessar niðurstöður benda til þess að félagsheimili í nútímasamfélagi þjóni því hlutverki að bjóða upp á viðburði ásamt því að vera aðgengilegt fyrir stofnanir innan bæjarins, sem og samfélagshópa og einstaklinga. Hlutverk félagsheimila hefur þróast á síðustu 100 árum enda mikið búið að gerast í samfélagslegri þróun á því tímabili. Ljóst er að félagsheimili á borð við Hlégarð hafa enn þá vægi og mögulega er það meira en fólk gerir sér grein fyrir.

Abstract

What is the role of community centers in modern society? The purpose of the essay was to answer this question about the role of community centers. To understand the role of community centers in Icelandic society, the author reviewed academic text from Icelandic universities about community centers throughout history, along with other research related to the subject. To get an idea of the role of community centers today, the author conducted an informal interview with the manager of Hlégarður, a community center in Mosfellsbær, and conducted qualitative research on the views of the inhabitants of Mosfellsbær (Mosfellingar) towards Hlégarður.

The results revealed diverse opinions among participants, mostly varying by age. The conclusions drawn from the results indicate that Mosfellingar are inclined to have the local council involved in the operation of the community center and that there is a demand for diverse activities within the building. It also appears that the role of Hlégarður today is a combination of the operating structure that has been in place for the past 25 years and the activities that were known in community centers in earlier years. Participants in the research agreed that the role of the center is to regularly host events and entertainment as well as to provide easy access for individuals and community groups to use the building.

Activities that promote social cohesion, such as courses, introductions, discussions, or workshops, were also considered part of Hlégarður's role by the participants. There was a clear consensus among participants regarding the operating structure of Hlégarður, indicating that a decisive majority was inclined towards Mosfellsbær council being directly or indirectly responsible for the operation and activities of the center. These findings suggest that in modern society, community centers serve the role of providing events while being accessible to town institutions, as well as community groups and individuals.

The role of community centers has evolved over the past 100 years due to significant changes in society during that period. It is clear that community centers like Hlégarður still hold significance, possibly more than people realize.

Formáli

Þessi ritgerð er til BA-gráðu í skapandi greinum við Háskólann á Bifröst haustið 2023. Vægi ritgerðarinnar er 14 einingar.

Ritgerðin fjallar um félagsheimili á Íslandi og hlutverk þeirra í gegnum tíðina með innsýn í hlutverk félagsheimilisins Hlégarðs í nútímasamfélagi.

Sérstakar þakkir fara til leiðbeinanda míns, Ernu Guðrúnar Kaaber, fyrir hvetjandi og uppbyggilega leiðsögn. Einnig vil ég þakka Arnari Jónssyni, sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs Mosfellsbæjar og Hilmarí Gunnarssyni, viðburðastjóra Hlégarðs, fyrir samvinnu og ráðleggingar. Sveinbjörgu Davíðsdóttur þakka ég veittan stuðning og sveigjanleika á vinnustað meðan á skrifum stóð. Mig langar jafnframt að þakka móður minni, Ingibjörgu Valsdóttur, fyrir yfirlestur og ráðleggingar. Síðast en ekki síst fara hjartanlegar þakkir til unnustu minnar, Birnu Einarsdóttur, fyrir stuðning, hvatningu og skilning í fjarveru minni meðan á ritsmíðum þessum stóð.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	10
2.	Fræðikafli	12
2.1.	Samkomuhús	12
2.2.	Félagsheimili	13
2.3.	Menning	15
2.3.	Samheldni	15
2.4.	Menningarstefna	16
3.	Félagsheimilið Hlégarður	17
3.1.	Þróunin á 20. og 21. öldinni	18
3.2.	Stefna Mosfellsbæjar	20
3.2.1.	Tillaga menningar- og nýsköpunarnefndar um breytt rekstrarfyrirkomulag Hlégarðs	21
3.3.	Hlégarður í dag	21
3.4.	Framtíð Hlégarðs	23
4.	Aðferðafræði	25
4.1.	Rannsóknaraðferð	25
4.2.	Framkvæmd rannsókna	26
4.2.1.	Spurningalisti	29
4.3.	Niðurstöður rannsókna	31
4.4.	Samanburður	40
4.4.1.	Konur og karlar	40
4.4.2.	Aldurshópar bornir saman	47
5.	Samantekt	59
6.	Umræður	62
	Lokaorð	65
	Heimildaskrá	66

Myndaskrá

Mynd 1. Dæmi um auglýsingu höfundar á íbúasíðu Mosfellsbæjar á Facebook.....	27
Mynd 2. Auglýsing í story hjá Mosfelling.....	28
Mynd 3. Plakat með QR kóða.....	28
Mynd 4. Plakat með QR kóða við anddyri Krónunnar, Mosfellsbæ	28
Mynd 5. Spurning 1: Kyn	32
Mynd 6. Spurning 2: Aldur	33
Mynd 7. Spurning 3: Hvað er Hlégarður fyrir þér?	34
Mynd 8. Spurning 4: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?.....	35
Mynd 9. Spurning 4: Svarmöguleikar.....	35
Mynd 10. Spurning 5: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?.....	36
Mynd 11. Spurning 6: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?..	38
Mynd 12. Spurning 7: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?.....	39
Mynd 13. Spurning 7: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?.....	40
Mynd 14. Spurning 2 KK: Aldur	41
Mynd 15. Spurning 2 KVK: Aldur	41
Mynd 16. Spurning 3 KK: Hvað er Hlégarður fyrir þér?	42
Mynd 17. Spurning 3 KVK: Hvað er Hlégarður fyrir þér?.....	42
Mynd 18. Spurning 4 KK: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?.....	43
Mynd 19. Spurning 4 KVK: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?	43
Mynd 20. Spurning 5. KK: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?	44
Mynd 21. Spurning 5.KVK: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?	45
Mynd 22. Spurning 6 KK: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?.....	46
Mynd 23. Spurning 6 KVK.: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?.....	46
Mynd 24. Kyn 18-29 ára.....	47
Mynd 25. Kyn 30-44 ára.....	47
Mynd 26. Kyn 45-60 ára.....	47
Mynd 27. Kyn 60+ ára.....	47
Mynd 28. Spurning 3. <18-29: Hvað er Hlégarður fyrir þér?.....	49
Mynd 29. Spurning 3. 30-44: Hvað er Hlégarður fyrir þér?.....	49
Mynd 30. Spurning 3. 45-60: Hvað er Hlégarður fyrir þér?.....	49
Mynd 31. Spurning 3. 60+: Hvað er Hlégarður fyrir þér?.....	50
Mynd 32. Spurning 4. <18-29: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?.....	50

Mynd 33. Spurning 4. 30-44: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?.....	51
Mynd 34. Spurning 4. 45-60: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?.....	51
Mynd 35. Spurning 4. 60+: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?.....	51
Mynd 36. Spurning 5. <18-29: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera? ..	53
Mynd 37. Spurning 5. 30-44: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?.....	54
Mynd 38. Spurning 5. 45-60: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?.....	54
Mynd 39. Spurning 5. 60+: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?.....	55
Mynd 40. Spurning 6. <18-29: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?.....	57
Mynd 41. Spurning 6. 30-44: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?.....	57
Mynd 42. Spurning 6. 45-60: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?.....	58
Mynd 43. Spurning 6. 60+: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?.....	58

1. Inngangur

Það sem manneskjur hafa fram yfir aðrar dýrategundir er meðal annars getan til að skapa menningu. Hægt er að skilgreina hugtakið á svo víðtækan hátt að það eigi líka við um hegðun sem dýrategundir sýna en hér er átt við menningu í hinum klassíska skilningi. Hluti af þróun manneskjunnar hefur verið hæfileikinn til að miðla hugmyndum og reynslu á milli kynslóða og þannig hefur nýsköpun getað átt sér stað. Þessi eiginleiki er það sem gerir okkur kleift að mynda menningu sem skorar á einstaklinga að prófa og læra nýja hluti ásamt því að kveikja neista sköpunargleðinnar. Tungumál, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og tengsl eru breytur sem hafa gert mannkyninu kleift að þróast í áttina að því sem það er í dag. Tenging hefur verið gerð á milli menningar- og félagsstarfsemi dýrategunda og stærðar á heila þeirra. Svo virðist sem að dýrategundir sem geta lært af jafningjum sínum og þróað með sér menningarlega sérstöðu í hegðun eða sköpun, séu líklegri til að þróa vitsmuni en aðrar dýrategundir (Laland, 2018).

Til að þessir þættir fái pláss til að vaxa hafa manneskjur skapað rými til að stunda menningarstarf og félagslegar athafnir. Þessi rými hafa verið mjög margvísleg í gegnum tíðina en til að taka dæmi má nefna söfn, félagsmiðstöðvar, skóla, vinnustofur, menningarmiðstöðvar, bókasöfn og jafnvel félagsheimili. Vettvangar sem gera fólki kleift að læra hvert af öðru, vinna saman og skapa eru hluti af vitsmunalegri þróun mannkyns. Á Íslandi urðu félagsheimili til út frá samkomuhúsum sem upprunalega hýstu félagasamtök. Félagasamtök hafa verið hluti af íslensku samfélagi þar sem það er hluti af eðli manneskjunnar að stunda félagslegar athafnir og læra hver af annarri með nýsköpun og hugmyndum. Félagshimili hafa alltaf sinnt því hlutverki að veita fólki húsnæði fyrir félagsstarfsemi, sem og menningartengda starfsemi. Í seinni tíð hefur hlutverk félagsheimila breyst með breyttu samfélagi manna. Þörfin fyrir húsnæði undir félagasamtök er önnur og vægi félagsheimila hefur breyst. Nú getur fólk skapað nánast hvað sem er, hvar sem er og tæknin hefur gert fólki kleift að stunda félagslegar athafnir í gegnum internetið. Einnig eru betri samgöngur og almennt aðgengi mun betra en það var hér áður fyrir ásamt uppbyggingu á húsnæði fyrir hina ýmsu starfsemi. Þessi þróun minnkar þörfina á húsnæði fyrir bæjarbúa og félagasamtök.

Þá er við hæfi að velta fyrir sér hvort þörf sé á félagsheimilum í dag. Forvitnilegt er að vita hvert hlutverk félagsheimila er í dag í íslensku samfélagi og hvort grundvöllur sé fyrir því að þau starfi með hefðbundnum hætti.

Því er spurningin: Hvaða hlutverk hafa félagsheimili í nútímasamfélagi?

Til að komast að mögulegri niðurstöðu um þetta viðfangsefni var ákveðið að framkvæma íbúakönnun á meðal íbúa Mosfellsbæjar með því markmiði að skilja hvað íbúum tiltekins bæjarfélags fyndist um sitt félagsheimili og hvert hlutverk þess er í dag. Rannsóknin var framkvæmd í samráði við bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar og viðburðastjóra félagsheimilisins Hlégarðs til að hámarka réttmæti og gæði hennar. Notagildi rannsóknarinnar verður vonandi meira en eingöngu það sem birtist í þessari ritgerð þar sem niðurstöður hennar veita beina innsýn í skoðanir bæjarbúa, sem gæti nýst bæjarstjórn við stefnumótun félagsheimilisins til lengri tíma.

Til að leggja grundvöll að rannsókninni var saminn fræðikafli sem snertir á mikilvægustu atriðunum sem tengjast viðfangsefni ritgerðarinnar. Fyrsti kafli ritgerðarinnar er fræðikafli þar sem fjallað er um samkomuhús, félagsheimili, menningu, samheldni og menningarstefnu.

Þá kemur kafli um félagsheimilið Hlégarð, sem er viðfangsefni rannsóknarinnar, þar sem saga félagsheimilisins er rakin með skírskotun í breytingar. Til að auðga umfjöllun um félagsheimilið Hlégarð var tekið viðtal við Hilmar Gunnarsson, viðburðastjóra Hlégarðs, sem varpaði ljósi á starfsemi hússins í dag í samanburði við síðustu áratugi. Að lokum koma kaflar sem útskýra rannsóknarferlið og greina niðurstöður rannsóknarinnar ásamt því að draga saman megininntak ritgerðarinnar.

Félagsheimili hafa alla tíð verið birtingarmynd félagsmenningar okkar Íslendinga en í umfjöllun í kafla þrjú kemur fram að Hlégarður „hefur ævinlega endurspeglað mannlífið í bænum“. Því verður áhugavert að sjá hvert hlutverk þeirra er í dag.

2. Fræðikafli

Í þessum kafla verður lagður grundvöllur að fræðilegri umfjöllun um viðfangsefni ritgerðarinnar. Fjallað verður almennt um félagsheimili og þróun þeirra í íslensku samfélagi auk þess sem fjallað verður um menningu, samheldni og menningarstefnu sem eru hugtök sem samvinnuð eru sögu og hlutverki félagsheimilanna.

2.1. Samkomuhús

Á árunum 1909 til 1945 byggðu 156 ungmennafélög 168 svokölluð samkomuhús á Íslandi. Samkomuhús voru lausn félaganna við þeim skorti sem var á húsnæði fyrir starfsemi þeirra á þessum tíma. Samkomuhúsin sem byggð voru á þessu tímabili áttu ýmist eftir að hrynja eða þau voru betrubætt með tímanum en ætla má að þau hafi lagt grunninn að því sem við þekkjum í dag sem félagsheimili. Í riti sínu „Vormenn Íslands“ segir Jón M. Ívarsson (2007) að hið dæmigerða samkomuhús á fyrri hluta 20. aldarinnar hafi verið lítið óeinangrað hús úr steypu eða timbri með járnklæðningu. Í húsinu var tiltölulega stór salur og oftast ekki svið fyrir leiksýningar eða aðrar uppákomur. Misjafnt var hvort húsin voru þeim kostum gædd að innihalda salerni. Mörg af fyrrnefndum samkomuhúsum eru enn þá til í dag eftir mikið viðhald og uppfærslur og sinna þau sínum upprunalegu hlutverkum, sem í dag mætti kalla félagsheimili, eða birtast samfélaginu í nýrri mynd sem bókasöfn, veitingastaðir, sumarbústaðir, söfn, geymslur, íbúðarhús, verkstæði og hvaðeina sem hægt er að nýta rúmlegt húsnæði í (Jón M. Ívarsson, 2007).

Á Íslandi hafa samkomuhús og síðar félagsheimili verið hluti af bæjarfélögum síðan um miðja síðustu öld. Þau voru jafnt byggð í smábæjum sem í stærri samfélögum landsins. Tilgangurinn sem félagsheimili þjónuðu á þeim tíma var fjölbreytilegur. Í smærri samfélögum voru þau gjarnan nýtt í skólakennslu eða sem íþróttahús til að nefna dæmi en í stærri samfélögum mátti sjá kvikmyndir sýndar í félagsheimilum. Öll áttu þau þó sameiginlegt að vera rekin af félagasamtökum sem gátu notað aðstöðuna. Þá má nefna að verkalýðsfélög, kvenfélög, skátafélög, íþróttafélög o.fl. nýttu sér húsnæði félagsheimilanna. Félagshimilin svöruðu þörf fyrir félagslega aðstöðu og voru talin fjölbreytilegar menningarmiðstöðvar (þingskjal 60, 1981–1982).

2.2. Félagsheimili

Mikil uppbygging var á félagsheimilum á árunum 1950 til 1980 en árið 1981 voru 173 félagsheimili á landinu í rúmlega 59% af öllum bæjar- og sveitarfélögum landsins. Vert er að benda á að húsin voru kölluð samkomuhús í umfjöllun um samkomuhús á fyrri hluta 20. aldar en á seinni hluta 20. aldar er fjallað um þau sem félagsheimili. Þar sem landið okkar einkenndist af dreifbýli, og gerir enn að einhverju leyti, var grundvöllurinn fyrir félagsheimilum frekar mikill á þessum tíma (Þingskjal 60, 1981–1982).

Til að skilgreina hugtakið „félagsheimili“ getur verið gott að líta út fyrir landsteinana. Lettneska fræðikonan Dita Pfeifere (2022) fjallaði um skilgreiningu á hugtakinu í rannsókn sem hún gerði. Þar stingur hún upp á þrjúþættri skilgreiningu:

1. Að félagsheimili séu menningarlegar stofnanir með viðeigandi aðstöðu og tækni fyrir menningarlega viðburði og menningarstarfsemi.
2. Að félagsheimili séu með fjölþætt hlutverk.
3. Að félagsheimili starfi með áherslu á að þjóna samfélaginu sem félagsheimilið tilheyrir umfram öðrum hópum.

Pfeifere bendir einnig á vandamálin við að skilgreina félagsheimili í Evrópu. Þar má helst nefna að misjafnt er á milli landa hvaða orð eru notuð fyrir félagsheimili, lítið er til af tölfræði um félagsheimili í Evrópu og það er engin alþjóðleg stefna sem segir til um hvert hlutverk félagsheimila eigi að vera í allri Evrópu (Pfeifere, 2022).

Félagsheimili virðist vera lifandi fyrirbæri sem þjóðir móta eftir eigin samfélagi.

Á Íslandi hafa félagsheimili verið hluti af samfélögum í áraraðir eins og fram hefur komið. Ef tekið er mið af skrifum Pfeifere er líklega ómögulegt að skilgreina félagsheimili á Íslandi án þess að kanna hvernig Íslendingar skilgreina sín félagsheimili. Samkvæmt lögum sem tóku gildi árið 1970 eru íslensk félagsheimili skilgreind með eftirfarandi hætti:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi. (Lög um félagsheimili nr. 107/1970, 1. gr.)

Einnig kemur fram í sömu lögum að félagsheimili sem styrkt hefur verið af ríki eða sveitarfélagi sé skylt að leyfa öðrum menningarfélögum að fá afnot af húsinu gegn viðeigandi gjaldi, svo lengi sem það brjóti ekki í bága við þá starfsemi sem er í húsinu alla jafna. Undir sömu formerkjum kemur fram að óheimilt er að selja félagsheimili án þess að fá sérstakt leyfi frá ráðherra (lög um félagsheimili nr. 107/1970, 3. og 4. grein).

Þessi lög benda til þess að opinbert hlutverk félagsheimila sé að sinna félagsstarfi og menningarstarfsemi sem er aðgengileg fyrir alla. Sú staðreynd að ekki sé heimilt að selja félagsheimili sem fasteign bendir til þess að tilvist þeirra sé verðmæt og því ekki leyfilegt að efna til sölu án vandlegrar yfirferðar frá ráðherra og bæjarstjórn. Lögin gefa vísbendingu um eignarhald félagsheimila en algengt hefur verið í gegnum tíðina að félagasamtök eigi tiltekin félagsheimili. Þó er vert að nefna að fyrrnefnd lagagrein er nú orðin 53 ára gömul og líklega væri hægt að uppfæra orðalagið þannig að það passi betur við það sem félagsheimili eru í dag.

Dæmi um starfsemi í félagsheimilum á Íslandi í gegnum tíðina má finna í umfjöllun sem hefur átt sér stað í háskólaumhverfinu. Í MA ritgerð sinni um félagsheimili Kópavogs nefnir Jónas Þór Guðmundsson þorablót, félagsvist, fundarhöld hjá Kvenfélagi Reykjavíkur, leiklistaræfingar og samnýtingu á eldhúsi hússins sem hluta af starfsemi hússins í gegnum tíðina (Jónas Þór Guðmundsson, 2022). Í félagsheimilinu Röðli á Skarðsströnd voru gjarnan haldin böll, uppboð og leiksýningar en Röðull sinnti því hlutverki að sameina fólkið í sýslunni þegar réttum var aflokið, á svokölluðum réttarböllum, sem voru einu sinnar tegundar í Dalasýslu á þeim tíma. Röðull var upprunalega byggður fyrir eitt af fjölmörgum ungmennafélögum landsins um miðbik 20. aldarinnar og sinnti fyrst og fremst því hlutverki að vera til taks fyrir félög og einstaklinga sem þurftu húsnaði til að funda eða stunda félagsstörf (Edda Lóa Hermannsdóttir, 2019). Í Hlégarði í Mosfellsbæ var starfsemin fjölbreytileg en í kafla um Hlégarð í bókinni *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1.100 ár* kemur fram að leiksýningar, leikfimisæfingar, kosningafundir, kökubasarar, tónleikar, tombólur, bíósýningar og böll hafi verið hluti af starfsemi hússins í gegnum tíðina (Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, 2005).

Í sögu félagsheimila má sjá að þau hafa verið notuð undir félagsstarf og ýmsa viðburði sem bæjarbúar og sveitungar efna til og sækja innan samfélagsins en uppruni þeirra virðist koma frá samkomuhúsum fyrir félagasamtök. Þetta rennir stoðum undir

hugmyndina um að hlutverk félagsheimila hafi verið að sinna félagsamtökum, efla menningarstarfsemi og stuðla að samkomum sveitunga.

2.3. Menning

Menning er hugtak sem trauðla er hægt að útskýra með einföldum hætti enda er það virkilega víðtækt. Til að skilja hvað menning þýðir getur verið gott að rýna í formlega skilgreiningu en samkvæmt Árnastofnun er menning „þroska- eða þróunarstig mannlegs samfélags, andlegt líf þess og efnisleg gæði“ (Íslensk nútímamálsorðabók, e.d.). Þessi skilgreining bendir til þess að menning sé birtingarmynd þess ástands sem samfélög eru í hverju sinni – að hún endurspegli þróunarstig samfélags. Í öðrum skilningi er hægt að segja að menning sé afurð þess sem mennirnir gera. Hugtakið er hægt að túlka á marga vegu og misjafnt er hvað kemur í huga fólks þegar það hugsar um menningu. Sumir hugsa um myndlist og óperu, aðrir um gjörninga og danssýningar á meðan enn öðrum finnst menningin birtast í því sem fólk borðar og hvernig það talar. Í rauninni má segja að þetta falli allt undir sama víðtæka hattinn sem hugtakið nær yfir en ein af eldri skilgreiningum hugtaksins leggur til að menning og siðmenning nái yfir þekkingu, trú, list, siðferði, reglur og aðrar hefðir sem hið mennska samfélag tileinkar sér og að menning sé afleiðing fortíðar og það sem leggur grunninn að framtíðinni (Tylor, 1871). Þessi skilgreining er mjög víðtæk og bendir til þess að menning sé u.þ.b. allt sem mannleg samfélög samanstanda af. Í þessari ritgerð verður hugtakið notað í þessum víða skilningi þar sem viðfangsefnið snertir á flestum birtingarmyndum menningar.

2.3. Samheldni

Samheldni er flókið hugtak en hér verður það túlkað með þeim hætti sem mun nýtast við lestur þessarar ritgerðar. Samheldni á við um tengingar sem fólk innan samfélagshópa myndar sín á milli. Hugtakið er viðeigandi þegar einstaklingur finnur að hann falli í hópinn og þegar viðkomandi hefur myndað sambönd við aðra einstaklinga innan hans. Samheldni verður til þegar fólk hittist reglulega við sömu aðstæður til að stunda félagslega athöfn af einhverju tagi. Þetta getur verið bókstaflega hvað sem er, svo lengi sem það veldur því að fólk tali saman og eigi möguleika á því að kynnast. Hægt er að mynda samheldni með tveimur skilyrðum: að fólk verji tíma saman án ágreinings, burtséð frá félagslegum einkennum

(stjórnmalaskoðanir, tekjur, uppruni, trú) og að fólk myndi tengingar sín á milli sem byggja á trausti (Manca, 2014).

Í umfjöllun Birgit Eriksson um samheldni og skapandi greinar setur hún fram kenningu um að menningarstörf sem hvetja til samstarfs (e. collaborative cultural practices) geti ýtt undir samheldni. Í umfjölluninni eru tekin dæmi um verkefni þar sem fólk kom saman til að sýna menningarlegum fyrirbærum áhuga eða búa eitthvað til í sameiningu. Dæmi um verkefni sem Birgit tekur fyrir eru sögulestur á gotneskum textum, söguleg málverk, saumaskapur til að búa til handhæga poka og umræður um bókmenntir í lestrarhópum. Í öllum dæmunum var hægt að tengja afurðina við samheldni þar sem fólk myndaði tengingar sem það hefði annars ekki gert. Þá segir hún einnig að félagsheimili geti ýtt undir samheldni með því að skipuleggja starfsemi sem hvetur til samvinnu og skapandi hugsunar á menningarlegum grundvelli (Eriksson, 2023).

Líklega er hægt að tengja hugtakið við mikið af þeirri starfsemi sem átt hefur sér stað í samkomuhúsum og félagsheimilum á Íslandi í gegnum tíðina.

2.4. Menningarstefna

Núorðið hafa flest sveitarfélög mótað sína eigin menningarstefnu undir opinberri menningarstefnu Íslands (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Menningarstefna er þær leiðir sem stjórnvöld ákveða að fara í stjórnsýslu og fjármögnun menningar og skapandi greina með markmið málaflokka til hliðsjónar. Þær áherslur sem yfirvöld ákveða að leggja á listir, arfleið, sögu og sköpun eru hluti af menningarstefnu en einnig hvernig yfirvöld kjósa að fjármagna þær stofnanir sem eiga í hlut. Menningarstefna getur snert á hinum hefðbundnu menningarefnum en með víðtækari skilgreiningu á hugtakinu „menning“ hefur menningarstefna þróast og nær nú yfir margvísleg fyrirbæri í samfélögum. Í fræðigrein um menningarstefnu taldi pólitíski vísindamaðurinn Kevin Mulcahy upp klassíska menningu á borð við myndlist, tónlist, leiklist og bókmenntir en í nýlegri merkingu segir hann menningarstefnu eiga við um margt fleira. Þá nefnir hann bókasöfn, skjalasöfn, dýragarða, fjölskyldugarða, útihátíðir, fögnuði, þjóðlega tónlist og lúðrahljómsveitir ásamt öðru sem dæmi um menningu (Mulcahy, 2006).

Í sjálfu sér er menningarstefna oftast byggð á því sem hefur verið áður verið gert í samfélagi en leggur grunninn að því sem koma skal. Jafnframt er hún það sem mótar samfélagið og er táknmynd þess sem það stendur fyrir (Mulcahy, 2006).

3. Félagsheimilið Hlégarður

Þann 17. mars árið 1951 var efnt til mikillar hátíðar í Mosfellssveit. Glænýtt félagsheimili sem samþykkt hafði verið á vorkundi Mosfellshrepps fjórum árum áður var loksins tilbúið. Byggt með mörgum misstórum rýmum gat heimilið hýst hina ýmsu viðburði og möguleikarnir voru endalausir með 146 fermetra veislusal þar sem sviðið var og pláss fyrir 230 manns í sæti. Þetta þótti ansi mikill fjöldi í sveitinni á þessum tíma þar sem íbúar töldu einungis 605 árið 1950 (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Salurinn var prýddur húsgögnum frá verksmiðjunni á Reykjalandi og öllum íbúum Mosfellsbæjar var boðið í þessa miklu veislu. Mikið var um ræðuhöld og Karlaþórinn Stefnir söng fyrir gesti. Meðal ræðumanna var Halldór Laxness, þjóðardjásn okkar Íslendinga, en hann hrósaði nafni hússins í ræðu sinni og sagði það viðeigandi í tvennum skilningi: húsið sé byggt í dæld þar sem það er í hléi fyrir vindinum og að það veiti sveitungum hlé og skjól til menntunar og skemmtunar (Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, 2005).

Segja má að Hlégarður hafi þótt framúrstefnuleg bygging í því sem var Mosfellshreppur um miðja 20. öld. Einnig kemur fram að mikið hafi verið um að vera í húsinu fyrstu árin þar sem Mosfellshreppur, Kvenfélag Lágafellssóknar og Ungmennafélagið Afturelding (UMFA) áttu hlut í heimilinu og voru allir aðilar duglegir að nýta húsið fyrir sína starfsemi. UMFA og Kvenfélagið sáu til þess að félagslíf Mosfellinga blómstraði í Hlégarði. UMFA sýndi leikrit í húsinu í um áratug sem urðu síðan svo vinsæl að þau voru sýnd víðar á landinu. Hreppsstjórn Mosfellshrepps notaði húsið undir fundarhöld og var þingstaður Mosfellinga fluttur frá Brúarlandi í Hlégarð árið 1953 þangað til Kjarninn tók við árið 1998. Kjarninn er stórt hús í miðbæ Mosfellsbæjar sem hýsir nú bæjarskrifstofur, bókasafn Mosfellsbæjar og fleira (Mosfellsbær, 2023, 23. október).

Í stjórn Hlégarðs voru þrjár fulltrúar hreppsnefndar, einn fulltrúi kvenfélagsins og einn frá UMFA. Sviðið í Hlégarði var notað fyrir leiksýningar og hljómsveitir sem léku á böllum en einnig kvikmyndasýningar þegar hvíta tjaldið var dregið niður. Hlégarðsbíó sýndi myndir fyrir fullorðna á kvöldin og hélt barnasýningar á sunnudögum. Hlégarður var eitt af stærstu samkomuhúsum höfuðborgarsvæðisins á sjötta og sjöunda áratugnum. Böll sem voru haldin í Hlégarði fengu heitið „Hlégarðsböll“ og voru vinsæl á þeim tíma. Svo vinsæl að fólk flykkist að úr Reykjavík til að sækja þau (Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, 2005).

Leikfélag Mosfellsbæjar var stofnað árið 1976. Félagið kom sér upp aðstöðu í skúr utan í norðurgafli hússins og settar voru upp sýningar í Hlégarði til ársins 1993 þegar félagið fékk gamla áhaldahús sveitarinnar til notkunar (Birgir Sigurðsson, 2006).

Til að undirstrika vægi Hlégarðs í samfélaginu á upphafsárum er vert að vitna í ritstjórnargrein sem ritstjóri Morgunblaðsins skrifaði um félagslíf strjálbýlisins:

„Vígsla hins glæsilega fjelagsheimilis í Mosfellssveit er þess vegna merkur atburður, sem felur í sjer fyrirheit um mörg slík menningartæki víðsvegar um land á komandi árum.“ (Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, 2005)

Þetta eru áhugaverð ummæli, sérstaklega í ljósi þess sem átti eftir að gerast í uppbyggingarmálum félagsheimila á Íslandi. Vert er að nefna að orðið menningartæki er hér að ofan notað sem samheiti yfir félagsheimili en það er góð vísbending um þær væntingar sem fólk hafði til félagsheimila á þessum tíma.

3.1. Þróunin á 20. og 21. öldinni

Í Mosfellssveit var tekin ákvörðun árið 1970 um að þetta byggð en þá bjuggu 986 manns í sveitarfélaginu. Sama ár var Vesturlandsvegur lagður gegnum bæinn og lá hann upprunalega meðfram Hlégarði. Vesturlandsvegurinn hafði jákvæð áhrif á þéttingu byggðar í Mosfellssveit þar sem hann brúaði bilið á milli sveitar og borgar. Árið 1973, þegar eldgosíð í Eyjum átti sér stað, tók Mosfellssveit á móti nokkur hundruð Eyjamönnum og talið er að um 10-15 fjölskyldur hafi fest búsetu í framhaldinu. Árið 1983 var gefið út aðalskipulag Mosfellssveitar sem innihélt mannfjöldaspá sem gaf til kynna að árið 2003, eða tuttugu árum síðar, yrðu sveitungar orðnir 6.500 talsins. Sem reyndist síðan rétt í desember 2003 þegar fjöldinn taldi 6.589 sem markaði velgengni bæjaryfirvalda í þessu markmiði um fólksfjölgun. Það þótti táknrænt fyrir fjölgunina á þessu skeiði þegar hjónin Margrét Þóra Baldursdóttir og Guðjón S. Valgeirsson eignuðust fjórbura árið 1988 sem hækkuðu íbúafjöldann úr 3.997 í 4.001 (Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, 2005).

Frá árunum 1951 þegar Hlégarður var vígður til 9. og 10. áratugarins hafði mikið breyst í samfélaginu. Þéttbýli jókst á þessum tíma og landsmönnum fjölgaði einnig. Til dæmis hafði fólksfjöldi Íslendinga farið úr 144.293 árið 1951 upp í 240.606 árið 1985 (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Eðlilegt er að samfélög breytist í þróun sem þessari og telja má að Mosfellsbær sé ekki undanskilinn þeirri hugmynd. Líklega hefur hlutverk Hlégarðs þróast í takt við hundrað þúsund manna fjölgunina sem átti

sér stað í landinu frá 1951-1985 og þá fjölgun sem átti sér stað innan bæjarins. Árið 1950 voru íbúar bæjarins 605 og árið 1990 voru þeir 4.259 (Hagstofa Íslands, e.d.-b).

Eins og áður kom fram var Hlégarður upprunalega rekinn af þremur aðilum: Mosfellshrepp, Kvenfélagi Lágafellssóknar og UMFA. Þetta rekstrarform var algengt á fyrri hluta og um miðja 20. öldina. Líklega má tengja rekstrarformið við samkomuhúsin sem komu á undan félagsheimilunum og þjónuðu þeim tilgangi að hýsa félagasamtök í mörgum af litlu samfélögum landsins. Í breyttu samfélagi voru mögulega minni forsendur fyrir UMFA og Kvenfélag Lágafellssóknar að halda starfinu sínu gangandi eins og það var um miðja 20. öld. Einnig hafði bæjarstjórn verið útvegað annað húsnæði í þessari þróun. Árið 1992 tók Vignir Kristjánsson við rekstri Hlégarðs og markaði það nýtt upphaf í sögu hússins. Vignir sá um reksturinn í 25 ár eða til ársins 2017 þegar nýr rekstraraðili tók við og hélt uppteknum hætti (Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar, 2017). Hlégarður hefur því síðustu 30 árin verið rekinn af rekstraraðila sem séð hefur alfarið um starfsemi hússins.

Þegar þetta er skrifað eru íbúar Mosfellsbæjar orðnir rúmlega 13.000 sem þýðir að íbúafjöldinn hefur þrefaldast síðan 1990. Samkvæmt mannfjöldaspá verða íbúar orðnir rúmlega 17.000 árið 2033 (Byggðastofnun, e.d.). Þá verður bæjarfélagið orðið 28 sinnum stærra en það var þegar Hlégarður opnaði við hátíðlega athöfn árið 1951. Hlégarður hefur fengið aðhlyningu í gegnum tíðina eins og gefur að skilja þegar hús lifa í áratugi en lítið hefur verið um viðbyggingar ef miðað er við fólksfjölgun. Mögulega má velta upp hugmyndinni um að Hlégarður verði stækkaður með tilliti til íbúafjölda til að auka notagildi hans í stækkandi samfélagi Mosfellsbæjar. Slík viðbygging myndi eflaust kosta fleiri milljónir og því mikilvægt að byggja slíka ákvörðun á góðum grunni. Bæjarfélagið þyrfti að spyrja gagnrýnna spurninga um hlutverk og notagildi hússins og hvaða erindi það hefur í nútímasamfélagi. Grundvallarmunurinn á því hlutverki sem félagsheimilið gegndi í upphafi miðað við í dag er líklega framboð afþreyingar og bætтар samgöngur. Í þá gömlu góðu daga var líklega mun minna framboð af afþreyingu fyrir fólk og talsvert meira mál að ferðast á milli landshluta og landa en það er í dag sem þýðir að vægið sem Hlégarður hafði á sínum tíma var mun meira en það er í dag. Þess vegna er mikilvægt að taka þá staðreynd inn í myndina þegar möguleikinn á viðbyggingu við Hlégarð er ræddur þar sem hlutfallslega er húsið ekki jafn mikið sótt og þegar íbúarnir voru einungis 605. Þegar Hlégarður var opnaður tók hann um 230 manns í sæti, eða um 38% íbúa. Í dag myndi sama hlutfall þýða tæplega 5.000 manns í sæti. Til að setja

Þessa tölu í samhengi er vert að nefna Eldborgarsal Hörpu en hann tekur mest 1.600 manns í sæti (Harpa, e.d.). Ljóst er að viðbygging í hlutfalli við íbúafjölgun væri líklega full djúpt í árinu tekið en þrátt fyrir það er hugmyndin um viðbyggingu við Hlégarð ekki afleit.

3.2. Stefna Mosfellsbæjar

Menningarstefna Mosfellsbæjar er nú í gildi frá árinu 2017 til ársins 2027. Þess má geta að haustið 2018 var haldinn opinn íbúafundur í Hlégarði þar sem stefnan var endurskoðuð. Nýjasta uppfærsla stefnunnar var gerð árið 2020 og gildir til 2024. Í henni kemur fram að bærinn ætli að leggja sig fram við að útvega vettvang fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi og að saga samfélagsins birtist í listsköpun og menningarstarfsemi. Eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er að mynda stefnu í menningarmálum og styðja við fjölbreytta menningu í bænum með því að viðhalda og þróa aðstöðu fyrir menningarstarfsemi og koma að kynningu á því menningarstarfi sem er í boði hverju sinni. Í stefnunni er kveðið á um að Hlégarður eigi að verða miðstöð menningarlífs í Mosfellsbæ og endurmeta eigi rekstrarfyrirkomulag Hlégarðs. Þá kemur einnig fram að nýta eigi rýmið á efri hæð Hlégarðs til að styðja við menningarstarfsemi í bænum, þá mögulega fyrir Leikfélag Mosfellssveitar eða sem aðstaða fyrir listamenn og félagasamtök í bænum. Lista- og menningarsjóður Mosfellsbæjar eigi að veita enn meiri styrki til verkefna á sviði lista og menningar í Mosfellsbæ. Samkvæmt stefnunni vill bærinn hvetja nýja íbúa til að taka þátt í menningarlífi bæjarins og byggja upp vettvang þar sem hægt er að leiða saman atvinnulíf og listsköpun. Svo virðist sem bókasafnið eigi að sinna því hlutverki ásamt því að vera hlutlaus vettvangur fyrir fólk þar sem það getur komið utan vinnu og heimilis, eða á „þriðja staðinn“, og haft það notalegt innan um menningarefni og list. Þá er einnig lögð áhersla á að auka eftirsókn í listasalinn sem er í bókasafni Mosfellsbæjar (Mosfellsbær, 2022).

Ef eitthvað er að marka menningarstefnuna má ætla að Hlégarður eigi að leika lykilhlutverk í yfirlýstri menningarsókn Mosfellsbæjar á komandi árum. Í fyrrnefndri ritstjórnargrein (sjá kafla 3), sem birt var í Morgunblaðinu við opnun Hlégarðs árið 1951, er orðið „menningartæki“ notað til að lýsa félagsheimilum almennt. Miðað við stefnu bæjarins má færa rök fyrir því að Hlégarður eigi að vera notaður sem eins konar menningartæki. Í bókinni *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, á heimasíðu Mosfellsbæjar um Hlégarð og á heimasíðu Hlégarðs kemur setningin „Hlégarður

hefur ævinlega endurspeglað mannlífið í bænum“ fram. Þessi setning gefur til kynna vægi hússins í sögu bæjarins.

Eftir þessa umfjöllun má greina að vilji núverandi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar sé að breyta rekstrarfyrirkomulagi Hlégarðs í þágu menningarlífsins og í þágu samfélagsins til að vinna að yfirlýstum markmiðum um aukið aðgengi að menningu, aukið fjármagn í menningarmál, þróun á aðstöðu, aukinn fjölbreytileika í menningarmálum og meiri þátttöku bæjarbúa í menningarlífi.

3.2.1. Tillaga menningar- og nýsköpunarnefndar um breytt rekstrarfyrirkomulag Hlégarðs

Í tillögu sem menningar- og nýsköpunarnefnd lagði til bæjarráðs í apríl árið 2023 kemur fram að nefndin vilji að rekstur Hlégarðs fari í farveg sem stuðlar að menningarstarfsemi og nýtist Mosfellingum sem best. Tillagan sem um er að ræða snýst um að Mosfellsbær taki alfarið við rekstri Hlégarðs með tímabundinni ráðningu viðburðastjóra Hlégarðs. Tillagan kveður á um að viðburðastjóri hafi einnig umsjón með bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ ásamt öðrum viðburðum innanbæjar. Rökin sem nefndin færir fyrir þessari tillögu eru að ef henni yrði fylgt eftir gæti bærinn boðið einstaklingum, félagasamtökum og öðrum hagaðilum rými sem hægt væri að nota til sköpunar, samveru og viðburðarhalds. Markmið þessarar tillögu er að Hlégarður verði nýttur sem miðstöð menningarlífs í Mosfellsbæ í meiri mæli en áður og að húsið verði aðgengilegra fyrir bæjarbúa (Menningar- og lýðræðisnefnd, 2023). Þetta er allt í takt við umfjöllunina um menningarfyrirbætur Mosfellsbæjar hér að ofan. Í lokin er síðan tekið fram að bærinn hafi nú þegar lagt mikla fjármuni til endurbóta á Hlégarði og að tveggja ára tímabil með viðburðastjóra á vegum bæjarins geti hjálpað Mosfellingum að kynnast húsinu betur og hvernig hægt væri að nýta það sem best ef til frekari framkvæmda kæmi.

3.3. Hlégarður í dag

Hinn 11. apríl 2023 var fyrrnefnd tillaga um breytt rekstrarfyrirkomulag Hlégarðs samþykkt með 5 atkvæðum á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar. Hilmar Gunnarsson, ritstjóri *Mosfellings*, bæjarblaðs Mosfellsbæjar, var ráðinn sem viðburðastjóri

Hlégarðs til tveggja ára á vegum Mosfellsbæjar frá og með 1. maí, 2023
(Mosfellsbær, 2023, 11. apríl).

Töluverð breyting hefur orðið á rekstri hússins nú þegar bærinn sér um reksturinn en fjölbreyttari viðburðir og mannamót hafa átt sér stað síðastliðna mánuði en hafa verið á síðustu árum. Nú er auðveldara fyrir bæjarbúa að leigja húsnæðið fyrir stærri og smærri viðburði þar sem gjaldið er lægra og viðskiptavinir mega háttu vali á veitingum eftir eigin höfði (Hilmar Gunnarsson, munnleg heimild, 31. október, 2023). Áður fyrr var það þannig að sá sem leigði Hlégarð mátti ekki nota neina aðra þjónustu í veitingum og skipulagi en þá sem Hlégarður bauð upp á. Þetta fyrirkomulag varð til þess að það gat orðið mjög dýrt fyrir einstaklinga að nota húsið og helsta starfsemi hússins fólst í stærri viðburðum sem skiluðu peningum í kassann fyrir rekstraraðila. Aðilarnir sem tóku að sér að reka Hlégarð á síðustu áratugum þurftu að borga mánaðarlega leigu og verðleggja viðburði og háttu þjónustu með þeim forsendum að getað borgað leiguna (Hilmar Gunnarsson, munnleg heimild, 31. október 2023). Í dag er húsið, eins og áður segir, rekið af bænum sem réð viðburðastjóra til að stjórna framboði með áherslu á að auka lífið í húsinu. Hilmar segir að með þessu nýja fyrirkomulagi sé auðveldara að skipuleggja fjölbreytta starfsemi, bæði vegna þess að fleiri einstaklingar hafa efni á því, og vegna þess að stofnanir og félagshópar bæjarins eiga auðveldara með að fá aðgang að húsinu. Til að veita innsýn nefnir Hilmar að virkni eldri borgara í húsinu síðan hann tók við því sé mikil en sá samfélagshópur hefur fengið að hittast í kaffi, þrjóna, halda bingó og fleira á virkum dögum. Einnig nefnir Hilmar að Bólið, félagsmiðstöð grunnskólanna í Mosfellsbæ, fái að halda böll í Hlégarði. Til að setja það í samhengi tekur Hilmar fram að grunnskólaball er viðburður sem er ekki mjög líklegur til fjárhagslegs ávinnings en hann fer á dagskrána vegna þess að markmiðið með starfsemi Hlégarðs er ekki að hámarka tekjur. Þá nefnir hann einnig að stofnanir eins og Afturelding og Kvíslarskóli geti með nokkuð einföldum hætti haldið fundi eða fyrirlestra fyrir starfsfólk í Hlégarði (Hilmar Gunnarsson, munnleg heimild, 31. október 2023).

Hilmar segir verkefnið vera samfélagslegt þar sem markmiðið er að nýta húsið meira en áður og að virkja samfélagið í gegnum Hlégarð. Þetta tveggja ára verkefni er búið að vera í gangi í hálf tveggja ár þegar þetta er skrifað og virðist hafa byrjað nokkuð vel. Hilmar segir að hann sé enn þá að finna línuna með hvernig best sé að háttu þjónustuframboði en það hefur gengið vel að hafa fjölbreytta starfsemi í gangi hingað til. Í dag er Hlégarður að bjóða ýmsum hópum og stofnunum að leigja húsið eða nota

það í margvíslegum tilgangi en einnig er Hlégarður að skipuleggja viðburði upp á eigin spýtur, sem geta þá skapað tekjur fyrir húsið (Hilmar Gunnarsson, munnleg heimild, 31. október 2023).

3.4. Framtíð Hlégarðs

Miðað við þessa umfjöllun virðist Hlégarður vera söguleg stofnun í Mosfellsbæ sem er hvergi nærri því að leggjast niður. Breytt rekstrarfyrirkomulag bendir til þess að bæjarstjórn vilji efla hlutverk hússins í samfélaginu og nýta það til að ná settum markmiðum í menningarstefnu bæjarins. Í stefnunni koma fram ýmis markmið varðandi menningarmál og hvernig Hlégarður á að leika hlutverk í þeim efnum. Nú þegar viðburðastjóri hefur verið ráðinn í Hlégarð og starfar við að reka húsið fyrir hönd bæjarins er hægt að ímynda sér hvað framtíðin ber í skauti sér. Hilmar segir að verkefnið geti haldið áfram í lengri tíma en tvö ár og að hann vildi gjarnan sjá enn meiri nýtingu á húsinu á komandi árum. Þá nefnir hann rými sem eru á efri hæð og í kjallara hússins sem hann myndi vilja nýta betur en þau eru notuð sem geymslur eins og staðan er núna. Hægt væri að koma upp aðstöðu fyrir fundarhald, tónlistarnám, félagsmiðstöð eða vinnustofu fyrir listamenn. Í gegnum viðtalið mátti greina löngun til að nota húsið sem mest og í mjög fjölbreytilegum tilgangi.

Hugmyndin um viðbyggingu við Hlégarð hefur verið uppi á teningnum í nokkur ár samkvæmt Hilmarí en hún hefur ekki orðið að veruleika hingað til. Endurbætur voru gerðar á húsinu fyrir stuttu en þær teljast ekki til viðbyggingar. Eins og fram kom í kaflanum um sögu Hlégarðs var húsið mjög veglegt á sínum tíma þegar það var opnað en hlutfallslega hefur það minnkað gífurlega með árunum, miðað við íbúafjölda. Eins og fram hefur komið væri óraunhæft að stækka húsið í samræmi við íbúafjölda en mögulega verður forsenda fyrir viðbyggingu af einhverjum toga eftir nokkur ár, sérstaklega ef nýtingin á húsinu heldur áfram að aukast eins og hún hefur gert síðustu mánuði.

Hilmar segist vona að í framtíðinni verði húsið nýtt enn þá meira, þá sérstaklega af bæjarbúum og hópum innan samfélagsins. Hann vonar að rými innan hússins verði nýtt betur en þau eru nýtt í dag og hann segir að viðbygging gæti verið raunhæf eftir einhver ár. Til að móta framtíðarsýn og stefnu Hlégarðs stefnir Mosfellsbær að því að „vinna með íbúum og hagsmunaaðilum og viðburðastjóra hússins.“ (Menningar- og lýðræðisnefnd, 2023). Slík vinna gæti nýst til að ákvarða hvort tími sé kominn á viðbyggingu eða hvort það sé í raun óþarfi miðað við

samfélagslegt vægi hússins í dag. Áhugavert verður að sjá hvernig bærinn ætlar að haga þessari vinnu og hvaða árangur hún mun bera. Ljóst er að Hilmar Gunnarsson, viðburðastjóri Hlégarðs, vill að sem flestir Mosfellingar heimsæki Hlégarð og nýti sér þjónustu hússins með einhverjum hætti.

Ferlið sem bærinn er í núna ásamt Hilmari er spennandi og mun móta hvernig Hlégarður verður eftir einhver ár. Í þessu ferli getur rannsóknin sem þessi ritgerð fjallar um komið að gagni þar sem hún dregur fram viðhorf Mosfellinga í garð Hlégarðs og hvað þeim finnst um rekstrarform og áherslur.

Í menningarstefnu Mosfellsbæjar kemur fram að bókasafn bæjarins eigi að verða eins konar „þriðji staður“ sem fólk getur heimsótt og varið tíma innan um bókmenntir og listasafn þegar það er ekki heima eða í vinnunni. Miðað við aukna notkun á Hlégarði og meðbyrinn sem nýja rekstrarformið hefur fengið mætti skoða hugmyndina um að Hlégarður verði einhvern tímann þessi „þriðji staður“ fyrir Mosfellinga. Þá gæti hluti hússins verið með aðstöðu fyrir gesti og mögulega einhverja þjónustu og annar hluti hússins verið nýttur í félagsstarf eða fundarhöld eða annað sem gjarnan er í húsinu á virkum dögum. Mögulega er þessi hugmynd raunhæfari í framtíðinni, þá sérstaklega ef stækkun á húsinu er í kortunum. Þessi sýn er í takt við stefnu Mosfellsbæjar í málefnum Hlégarðs þar sem áhersla er lögð á að auka nýtingu hússins og að efla menningarstarfsemi ásamt félagsstarfsemi í Hlégarði.

4. Aðferðafræði

Til að svara rannsóknarspurningunni „Hvaða hlutverk hafa félagsheimili í nútímasamfélagi?“ er mikilvægt að gera grein fyrir sögulegu samhengi félagsheimila. Hér fyrir ofan hefur saga félagsheimila á Íslandi verið rakin og atlaga gerð að því að útskýra hlutverk þeirra ásamt ítarlegri umfjöllun um félagsheimilið Hlégarð í Mosfellsbæ. Til fá upplýsingar um hvað fólk í nútímasamfélagi ætlast til af sínu félagsheimili var ákveðið að gera íbúakönnun hjá íbúum Mosfellsbæjar um þeirra skoðanir á Hlégarði.

4.1. Rannsóknaraðferð

Til að rannsaka skoðanir íbúa Mosfellsbæjar á Hlégarði var notuð meginleg tilviksrannsóknaraðferð en slík aðferð er gagnleg þegar kemur að því að rannsaka raunveruleg tilvik, þá sérstaklega félagsleg eins og raunin er í þessari rannsókn. Tilviksrannsóknir geta verið framkvæmdar með fjölbreyttum hætti, allt eftir því sem hentar hverju sinni (Priya, A, 2020). Notuð var meginleg aðferð sem snýst um að rannsaka tiltekið viðfangsefni með það að markmiði að fá töluleg gögn til að vinna með. Meginlegar rannsóknir eru oftast framkvæmdar þegar leitast er eftir tölfræðilegum niðurstöðum um eitthvað sem þátttakendur geta svarað með einföldum hætti. Alla jafna svara þátttakendur með því að velja valmöguleika sem rannsakendur gefa upp en valmöguleikarnir geta verið mjög fjölbreyttir (Jón Gunnar Bernburg, 2005).. Í þessari könnun var stuðst við hefðbundnar bakgrunnsspurningar um aldur og kyn þátttakenda til að auðga niðurstöður og efla réttmæti þeirra. Efnislegar spurningar voru í formi valmöguleikaspurninga þar sem þátttakendum gafst kostur á að velja einn af mörgum svarmöguleikum. Í sumum spurningum var hægt að velja einn möguleika en í öðrum mátti velja fleiri, því var háttað eftir eðli spurninganna. Efni spurninganna tengdist Hlégarði beint og hvernig fólki fannst að starfsemi Hlégarðs eigi að vera háttað. Spurt var um rekstrarform, hlutverk, rekstrarforsendu og skilgreiningu hússins. Könnunin var gerð á stafrænu formi sem er auðveld og skilvirk leið til að fá svör og vinna úr niðurstöðunum. Stuðst var við hugbúnaðinn Survey Monkey til að framkvæma könnunina.

4.2. Framkvæmd rannsóknar

Rannsóknin var send út þann 16. október eftir góða undirbúningsvinnu höfundar með sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og lýðheilsamála Mosfellsbæjar. Fyrsta hugmyndin var að bærinn myndi senda könnunina á bæjarbúa í gegnum tölvupóst með þeim tölvupóstlista sem bærinn er með. Fljótlega kom í ljós aðferðafræðilegur galli við þessa aðferð þar sem hún myndi takmarka svörunina við fólk sem er á póstlistum bæjarins og við fólk sem skoðar tölvupóstinn sinn. Þá kom upp sú hugmynd um að bærinn myndi taka þátt í að auglýsa könnunina á sinni vefsíðu þar sem könnunin er stafræn og auðvelt að auglýsa með því að deila hlekknum að henni. Eftir vinnu með persónuverndarfulltrúa bæjarins og fulltrúa sem hefur séð um skoðanakannanir á vegum bæjarins var komist að þeirri niðurstöðu að fólk sem skoðar vefsíðu bæjarins takmarkist við ákveðinn samfélagshóp og því gæti slíkt úrtak ekki skapað vænlegt alhæfingargildi.

Til að fá marktækar niðurstöður um hvað Mosfellingum finnst um Hlégarð þurfti úrtakið að samanstanda af fólk innan bæjarins á öllum aldri úr öllum hlutum bæjarins. Niðurstaða sérfræðinganna sem unnu með höfundi var því að best væri að höfundur auglýsti könnunina á Facebook-síðum bæjarins. Til eru fjölmargar Facebook-síður sem eru tileinkaðar íbúum í Mosfellsbæ og ýmsum hverfum innan bæjarfélagsins. Talið var að íbúar séu líklegri til að sjá það sem kemur inn á þeirra eigin hverfissíður en það sem kemur á vefsíðu bæjarins eða í tölvupósti frá bænum. Þá var einnig ákveðið að til þess að fá svör frá sem flestum aldurshópum þyrfti könnunin einnig að vera auglýst á Instagram. Ritstjóri *Mosfellings* var því beðinn um að deila hlekknum að könnuninni í „story“ á Instagram reikningi *Mosfellings* sem er með yfir fjögur þúsund fylgjendur. Að sögn ritstjóra eru í kringum þúsund manns sem sjá allt sem fer í „story“ hjá *Mosfellingi* sem þýðir að auglýsingin ætti að fá góða dreifingu, sérstaklega þar sem afgerandi meirihluti fylgjenda *Mosfellings* eru Mosfellingar. Einnig var talið að ef höfundur myndi segja frá könnuninni undir eigin Facebook-reikning væri líklegra að það myndi vekja athygli og áhuga fólks heldur en ef það kæmi beint frá bænum. Markmið höfundar var að fá að lágmarki 150 þátttakendur en vonir voru bundnar við 300 þátttakendur. Dreifingarátætlun var unnin í samráði við starfsmenn bæjarskrifstofu og Hilmar Gunnarsson, ritstjóra *Mosfellings* og viðburðastjóra Hlégarðs.

Eftir að spurningalisti hafði verið hannaður í samráði við sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og lýðheilsamála Mosfellsbæjar og búið var að setja hann upp í

hugbúnaðarkerfi Survey Monkey var hlekknum, ásamt frásögn um verkefnið og rannsóknina, dreift á allar helstu íbúasíður Mosfellsbæjar á Facebook.

Mynd 1. Dæmi um auglýsingu höfundar á íbúasíðu Mosfellsbæjar á Facebook

Íbúar í Mosfellsbæ - Umræðuvettvangur

Valur Þorsteinsson
Top contributor · 16. október kl. 18:18 · 🌐

Komið þið sæl kærur Mosfellingar!
Ég heiti Valur Þorsteinsson og ég er 22 ára Mosfellingur og er að ljúka BA námi við Háskólann á Bifröst í skapandi greinum. Lokaverkefni mitt er rannsókn á félagsheimilum í nútímasamfélagi og hluti af þeim gögnum sem ég mun vinna með er könnun meðal Mosfellinga á hlutverki Hlégarðs. Könnuninni er ætlað að draga fram viðhorf íbúa Mosfellsbæjar til Hlégarðs, rekstrarforms og hvaða þjónustu eða starfsemi íbúar telja að Hlégarður ætti að bjóða upp á. Könnunin er stutt þannig auðvelt er að taka þátt í henni en reiknað er með 2-3 mínútum í svartíma.
<https://www.surveymonkey.com/r/3JXXHWZ>

Endilega deilið ykkar á milli og takið þátt! Fyrirfram þakkir, Valur 😊

SURVEYMONKEY.COM
Íbúakönnun - Hlégarður
Take this survey powered by surveymonkey.com. Create your own surveys for free.

Tveimur tímum eftir fyrstu deilingu höfundar deildi *Mosfellingur* skjáskoti af frásögninni með hlekknum í viðhengi á sínu „story“. Ætla má að um þúsund manns hafi séð auglýsinguna í gegnum *Mosfelling* og 515 manns sáu auglýsinguna í gegnum Instagram reikning höfundar eftir „repost“. Sjá mynd 2.

Segja má að þessi aðferð hafi gengið vel en eftir sólarhring voru komin 254 svör sem er 104 svörum fleiri en lágmarksviðmið höfundar. Þegar rannsóknin var komin af stað ákvað höfundur, eftir ráðleggingar frá fulltrúum bæjarskrifstofu, að hengja upp plaköt með QR kóða fyrir könnunina í anddyri stofnana bæjarins (sjá mynd 3). Höfundur notaði Survey Monkey til að búa til QR kóða með vefslóð könnunarinnar þannig að fólk gæti með auðveldum hætti opnað

Mynd 3. Plakat með QR kóða



Facebook eða Instagram sjái könnunina og geti tekið þátt.

Höfundur hvatti fólkið í kringum sig til að bæði taka könnunina og segja öðrum frá henni til að auka þátttöku. Þessar aðferðir við dreifingu voru valdar með það að leiðarljósi að hámarka þátttöku án þess að fá þátttakendur utan Mosfellsbæjar. Til dæmis hefði höfundur getað deilt könnuninni á ýmsum opnum Facebook-síðum og út um allt á öllum helstu

Mynd 2. Auglýsing í story hjá *Mosfelling*



hana í raunheimum (sjá mynd 4). Þessi aðferð eykur líkurnar á að fólk sem skoðar ekki

Mynd 4. Plakat með QR kóða við anddyri Krónunnar, Mosfellsbæ



samfélagsmiðlum til að hámarka fjölda þátttakenda en þá hefði marktækni niðurstaðna minnkað þar sem þá hefðu margir þátttakendur hugsanlega ekki verið Mosfellingar.

Þann 24. október var könnuninni lokað. Þá voru 495 þátttakendur búnir að skila inn svörum við henni. Þátttakan fór fram úr vonum höfundar en markmið um að ná 300 svörum náðist tiltölulega snemma í ferlinu. Spurningalistinn var hannaður með áherslu á að auðvelt væri að taka þátt og að greiningarferli gæti gengið smurt fyrir sig. Meðalsvartími var 1 mínúta og 58 sekúndur sem gefur til kynna að þátttakendur hafi átt auðvelt með að svara spurningunum.

4.2.1. Spurningalisti

1. Kyn
 1. Karl
 2. Kona
 3. Kvár
 4. Annað
2. Aldur
 1. < 18
 2. 19–29
 3. 30–44
 4. 45–60
 5. 60+
3. Hvað er Hlégarður fyrir þér? **(Hægt að velja fleiri en einn valmöguleika)**
 1. Félagsheimili
 2. Menningarmiðstöð
 3. Staður fyrir viðburði/skemmtanahald
4. Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?
 1. Hlégarður á að vera rekinn í hagnaðarskyni til að skapa efnahagsleg verðmæti fyrir Mosfellsbæ.
 2. Hlégarður á að vera rekinn með menningar- og félagsstarfsemi að leiðarljósi með eins sjálfbærum hætti og kostur er.
 3. Hef ekki skoðun.
5. Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera? **(Hægt að velja fleiri en einn valmöguleika)**

-
1. Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árshátíðir, þorablót, leiksýningar, listasýningar o.s.frv.
 2. Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og uppistand.
 3. Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.
 4. Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga o.s.frv.
 5. Að auðvelda ungum listamönnum að sinna list sinni og koma henni á framfæri.
 6. Að bjóða samfélagshópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði til að hittast eða halda viðburði.
 7. Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða).
 8. Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyra og utandyra, til að heimsækja utan vinnu og heimilis sem „þriðji staðurinn“.
 9. Annað.
Textbox
6. Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?
1. Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvarða þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagasamtök og bæjarbúa.
 2. Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.
 3. Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.
 4. Hef ekki skoðun.
7. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?
- *Textbox*


4.3. Niðurstöður rannsóknar

Niðurstöður rannsóknar verða kynntar án tillits til mismunandi breytna. Einnig verða þær skoðaðar út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar út frá aldri þátttakenda og hins vegar út frá kyni þátttakenda. Í þessum kafla verða heildarniðurstöður leiddar í ljós. Fyrirnefnd sjónarhorn út frá aldri og kyni verða borin saman í samanburðarkafli í kjölfarið.

Spurning 1.

Í fyrstu spurningu var spurt um kyn þátttakenda. Tæp 68% þátttakenda voru konur og tæp 32% karlar. Einn þátttakandi vildi ekki skilgreina kyn sitt (mynd 5).


Mynd 5. Spurning 1: Kyn



Spurning 2.

Önnur spurning gefur upplýsingar um aldur þátttakenda (mynd 6). Meirihluti þátttakenda er á aldursbilinu 45–60 ára en næstflestir þátttakendur eru á aldrinum 30–44 ára. Tæplega helmingur þátttakenda er 45 ára eða eldri og rúmlega helmingur er á aldrinum 44 ára og yngri.


Mynd 6. Spurning 2: Aldur



Spurning 3.

Mynd 7 sýnir heildarniðurstöðu svara við spurningu 3 um hvað Hlégarður sé í huga þátttakenda. Í henni gátu þátttakendur valið fleiri en einn valmöguleika enda þarf eitt ekki að útiloka annað þegar kemur að þessum valmöguleikum. Svo virðist sem megninu af þátttakendum finnist Hlégarður vera staður fyrir viðburði og skemmtanahald. Valmöguleikarnir „félagsheimili“ og „menningarmiðstöð“ eru hvor um sig með tæplega helminginn af atkvæðafjöldanum sem þriðji möguleikinn (staður fyrir viðburði og skemmtanahald) fékk. Þar sem niðurstöðurnar gefa samtals 160,94% er líklegt að margir þátttakendur hafi valið fleiri en einn valmöguleika en ljóst er að tæp 84% þátttakenda telja Hlégarð vera stað fyrir viðburði og skemmtanahald, hvort sem þeir völdu annan möguleika með eða ekki.


Mynd 7. Spurning 3: Hvað er Hlégarður fyrir þér?



Spurning 4.

Ef mynd númer 8 er skoðuð má sjá hvað þátttakendum finnst um rekstrarforsendu Hlégarðs. Vert er að taka fram að 10% þátttakenda hafa ekki skoðun á þessu málefni en 80% þátttakenda finnst að Hlégarður ætti að vera rekinn með félags- og menningarstarfsemi að leiðarljósi með sjálfbærum hætti. Tæplega 9% þátttakenda eru þeirrar skoðunar að Hlégarður ætti að vera rekinn í hagnaðarskyni.

Mynd 8. Spurning 4: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?




Mynd 9. Spurning 4: Svarmöguleikar

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Hlégarður á að vera rekinn í hagnaðarskyni til að skapa efnahagsleg verðmæti fyrir Mosfellsbæ?	8.91%	44
Hlégarður á að vera rekinn með menningar- og félagsstarfsemi að leiðarljósi með eins sjálfbærum hætti og kostur er.	80.97%	400
Hef ekki skoðun	10.12%	50
TOTAL		494

Spurning 5.

Niðurstöður úr spurningu 5 um hlutverk Hlégarðs má sjá á mynd 10 hér að neðan. Svo virðist sem að flestir séu sammála um að hlutverk Hlégarðs eigi að vera að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa á borð við árshátíðir, þorablót og leiksýningar. Vert er að benda á að fleirum finnst að Hlégarður eigi að stuðla að félagslegri samheldni (70%) en að Hlégarður eigi að bjóða hópum og fyrirtækjum húsnæði fyrir viðburði (55%). Einnig er í kringum helmingur þátttakenda þeirrar skoðunar að Hlégarður eigi að auðvelda listamönnum að koma list sinni á framfæri, vinna með stofnunum bæjarins að afnotum hússins og að halda viðburði sem tengja aldurshópa. Megináhersla íbúa virðist vera á að halda viðburði með reglulegum hætti ásamt því að stuðla að félagslegri samheldni.

Mynd 10. Spurning 5: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árshátíðir, þorablót, leiksýningar, listasýningar osfrv.	86.87% 430
Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og uppistand.	63.23% 313
Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.	45.45% 225
Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga osfrv.	70.10% 347
Að auðvelda ungum listamönnum að sinna list sinni og koma henni á framfæri.	52.32% 259
Að bjóða samfélagshópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði til að hittast eða halda viðburði.	55.96% 277
Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða)	48.08% 238
Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyra og utandyra, til að heimsækja utan vinnu og heimilis sem "þriðji staðurinn"	30.10% 149
Annað.	2.42% 12
Total Respondents: 495	

Tólf þátttakendur bættu við í svarmöguleikann „Annað“. Hér eru þeirra svör:


1. *„Að útbúa og selja aðgang (áskrift eins og í ræktina) að smíðju t.d. verkfærum til lítilla handavinnuverkefna í smíðum/myndlist/ullarvinnslu. Þá er ég ekki að tala um að þarna séu öll heimsins hráefni heldur verkfæri (tífsagir/standborvélar/-saumavélar/garnvindur/spilaborð... -einskonar safn verkfæra til að nota á staðnum) til að sinna handavinnu og áhugamálum og þá væri þetta góður staður til að sinna áhugamálum utan við heimilið og hitta fólk rjúfa einmanaleikann.“*
2. *Safn.*
3. *Finnst þetta eiga að vera fyrst og fremst til leigu til að halda skemmtilega viðburði fyrir bæjarbúa um helgar, eins og brúðkaup, tónleika o.fl. og svo á virkum ætti að nýta þetta meira fyrir sjálfboda starfsemi eins og félagsmiðstöðvar, aldraða, unga listamenn o.fl.*
4. *Barnaskemmtanir, kaffihús.*
5. *Félagsheimili fyrir Aftureldingu og önnur frístundafélög.*
6. *Reka kaffihús þarna.*
7. *Veitingahús með viðburðum, allavega að það sé almennilegt eldhús fyrir veislur.*
8. *Ekki skoðun.*
9. *Nánast allt ofantalið.*
10. *Félagsheimili Aftureldingar.*
11. *Leyfa samfélagi og eftirspurn þess að móta notkunina miðað við eftirspurn. Að velja ákveðna flokka umfram annað gæti útilokað aðra.*
12. *Félagasamtök, eins og Rotary, Lions, Kiwanis og fleiri slík hafi afdrep í húsinu.*

Þessar tillögur eru fjölbreyttar en allar eiga þær sameiginlegt að stuðla að samfélagslegri þátttöku og samheldni í starfsemi Hlégarðs. Svörin eru í samræmi við spurningu um rekstrarforsendu Hlégarðs, sem sjá má á mynd 8, um að húsið eigi að vera rekið með menningar- og félagsstarfsemi að leiðarljósi.

Spurning 6.

Mynd 11 sýnir niðurstöður úr spurningu 6 sem fjallar um rekstrarform Hlégarðs. Hér er mikilvægt að benda á að rúmlega 15% þeirra sem svara þessari spurningu hafa ekki skoðun á rekstrarformi Hlégarðs. Ef miðað er við fjöldann sem tók afstöðu til spurningarinnar eru 52,5% sem velja fyrsta valkost, 13,5% velja valkost númer tvö og 34% velja þriðja valkostinn. Þessar niðurstöður benda til þess að afgerandi meirihluti (86,5%) vill að bærinn komi að rekstri Hlégarðs með beinum eða óbeinum hætti og að meirihluti þátttakenda er þeirrar skoðunar að Hlégarður eigi að vera alfarið rekinn af bænum.

Mynd 11. Spurning 6: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvarðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagsamtök og bæjarbúa.	44.31%	218
Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.	11.38%	56
Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.	28.66%	141
Hef ekki skoðun	15.65%	77
TOTAL		492

Spurning 7.

Á myndum 12 og 13 má sjá svörin við síðustu spurningu könnunarinnar.

Þátttakendum gafst tækifæri til að bæta við ef þeir höfðu eitthvað að segja. 40 svör bárust við þessari spurningu en þar sem nokkur þeirra voru ekki málefnaleg var ákveðið að 7 svör væru ógild þar sem þau höfðu ekkert til málanna að leggja. Því eru 33 málefnaleg svör í þessum niðurstöðum.

Ef lesið er í gegnum svörin má greina jákvæðni í garð Hlégarðs og í garð rannsóknarinnar. Svörin benda til þess að þátttakendur vilji ýta undir félagslega virkni í húsinu og auka notkun þess almennt. Einnig koma fram ábendingar um hvernig hægt væri að betrubæta húsnæðið.

Mynd 12. Spurning 7: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

#	RESPONSES	DATE
1	Málefnalegt svar Flottur staður, frábær staðsetning	10/23/2023 9:01 AM
2	Málefnalegt svar Ég myndi vilja sjá kaffihús í Hlégarði og betri nýtingu á útsvæðinu. Gera Hlégarði að skrudgarði okkar þar sem hægt er að koma á sumrin og njóta.	10/21/2023 12:57 PM
3	Málefnalegt svar Já mín skoðun Mosfellsbær á og reka húsið fyrir okkur öll hér í Mosfellsbæ þar á allt félagsstarf að rúmast	10/20/2023 9:50 PM
4	Málefnalegt svar Mér finnst að Hlégarður eigi að taka mið af samfélagslegri þróun sem er að eiga sér stað, núna er fólk mjög einmanna samkvæmt rannsóknum og við sem heilsuefandi samfélag þurfum að rjúfa þessa einangrun, Heilsuefning er líka andleg og félagsleg efling. Það er einskonar smíðja uppi á Reykjalandi sem hægt væri að taka mið af og þróa útrá. Mikilvægt væri að opið væri líka á kvöldin og um helgar en ekki aðeins um miðbik dagsins þar sem margir þurfa félagskap fyrir utan vinnutíma	10/20/2023 11:07 AM
5	Málefnalegt svar Gangi þér vel	10/20/2023 3:04 AM
6	Málefnalegt svar Áfram Hlégarður	10/19/2023 8:19 PM
7	Málefnalegt svar Síðasta spurningin er ekki alveg eftir mínu höfði núverandi rekstraraðili er að gefa höpum tækifæri og jafnframt að sinna fjölbreyttri menningarstarfsemi. Bærin á alls ekki að reka húsið heldur eiga í góðu samstarfi við rekstraraðila hússins eins og nú er að gerast með því að Hilmar tók yfir.	10/19/2023 11:45 AM
8	Málefnalegt svar Gaman að sjá Hlégarð lifna við, kominn tími til!!	10/18/2023 11:03 PM
9	Málefnalegt svar Hlégarður er algjörlega vannýtt auðlind :)	10/18/2023 9:46 PM
10	Málefnalegt svar Nýtum Hlégarð betur !!	10/18/2023 9:36 AM
11	Málefnalegt svar Hlakka til að sjá líf færast í Hlégarð	10/17/2023 7:19 PM
12	Málefnalegt svar Mætti mála salinn í dekkri lit. Þessi hvíti er ekki að virka vel í svona sal.	10/17/2023 6:55 PM
13	Málefnalegt svar Mosfellsbær leggur til húsnæði. Borgar allan rekstrarkostnað við Hlégarð. Og fær % tollu að innkomu hjá rekstraraðila sem myndi þá fara upp launakostnað hjá þeim sem sjá um daglegt viðhald.	10/17/2023 4:56 PM

Mynd 13. Spurning 7: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

14	Málefnalegt svar	Flott könnun	10/17/2023 3:11 PM
15	Málefnalegt svar	Flösku staður	10/17/2023 12:32 PM
16	Málefnalegt svar	Nýta húsið meira	10/17/2023 1:07 AM
17	Málefnalegt svar	Vel heppnuð breyting sem búið er að gera á salnum.	10/16/2023 10:07 PM
18	Málefnalegt svar	Ekki nógu hentugt fyrir tónlistaræfingar s.s.kóræfingar og leiklist	10/16/2023 10:00 PM
19	Málefnalegt svar	Bæta hljóðvist í húsinu	10/16/2023 9:48 PM
20	Málefnalegt svar	Hætta með hringborð,	10/16/2023 9:31 PM
21	Málefnalegt svar	Mikilvægt er að stuðla að sjálfbærum rekstri hlégarðs með það að leiðar ljósi að minnka kostnað fyrir sveitarfélagið	10/16/2023 8:58 PM
22	Málefnalegt svar	Frábært að sjá betri nýtingu núna sl ár miðað við það sem var fyrir nokkurm árum. Opin hús fyrir aldraða ofl	10/16/2023 8:31 PM
23	Málefnalegt svar	Núverandi rekstrarform sem nýlega var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, tel ég vera heppilegt rekstrarform fyrir hús eins og Hlégarð, því sé reksturinn á hendi einkaaðila þá verða sjálfkrafa til miklar arðsemiskröfur rekstraraðila af húsinu	10/16/2023 7:22 PM

1 / 2

Íbúakönnun - Hlégarður	SurveyMonkey	
24	Málefnalegt svar Leyfa staðnum að þróast og sinna fjölbreyttum hópi. Einkaviðburðir sem skapa tekjur fyrir Hlégarð og einkaaðila auka fjölbreytni og styrkja rekstrargrundvöll	10/16/2023 7:09 PM
25	Málefnalegt svar Mjög gott að fá hlégarð aftur heim 😊	10/16/2023 7:06 PM
26	Málefnalegt svar Byrjunin lofar góðu	10/16/2023 6:55 PM
27	Málefnalegt svar Hafa fleiri blóm inni. Og myndir. Og skrautmuni. Húsið að innan er eyðimörk. Var svo fallett.	10/16/2023 6:55 PM
28	Málefnalegt svar Allt annað að sjá lífið í Hlégarði eftir breytt rekstrarmynstur og skipulag	10/16/2023 6:49 PM
29	Málefnalegt svar Mér finnst húsið og umhverfið yndislegt, legg leið mín oft þangað í minni útivist og þegar e.h. er um að vera. Mér finnst við Mosfellingar ríkir að eiga þetta hús og þennan stað.	10/16/2023 6:40 PM
30	Málefnalegt svar Könnunin er löngu tímabær. Gangi þér vel,	10/16/2023 6:39 PM
31	Málefnalegt svar Hlégarður = Hjarta Mosfellsbæjar (+Álafoss)	10/16/2023 6:38 PM
32	Málefnalegt svar Frablir könnun og dasamlegt að sjá fjölbreytta lífið sem er komið í Hlégarð	10/16/2023 6:30 PM
33	Málefnalegt svar Þú ert frábær 😊	10/16/2023 6:19 PM

4.4. Samanburður

Í þessum undirkafla verða niðurstöður mismunandi breytna bornar saman. Breyturnar sem verða skoðaðar eru aldur og kyn. Markmiðið með þessum samanburði er að skilja hvaða skoðun mismunandi samfélagshópar hafa á Hlégarði.


4.4.1. Konur og karlar

Hér verður gerður samanburður á niðurstöðum hverrar spurningar fyrir sig hjá konum annars vegar og körlum hins vegar. Markmiðið með samanburði á þessum breytum er að rannsaka hvort teljandi munur sé á svörum kynjanna og hvernig hann birtist ef svo reynist.


Spurning 2 – KK, KVK

Á mynd 14 má sjá aldur þeirra karla sem svöruðu könnuninni og á mynd 15 má sjá aldur þeirra kvenna sem svöruðu. Einnig kemur fram heildarfjöldi svara hjá kynjunum en vert er að taka fram að tvöfalt fleiri konur tóku þátt en karlar. Þessi mismunur getur haft áhrif á þær niðurstöður sem munu koma fram í þessum kafla um samanburð kynjanna. Helsti munur aldurskiptingar birtist í því að helmingur svara frá konum er 44 ára eða yngri en hjá körlum er 60% þátttakenda 44 ára eða yngri og 40% eldri en 45 ára. Þetta bendir til þess að meðalaldur karlkyns svarenda sé lægri en kvenkyns svarenda. Þá er einnig talsverður munur hlutfallslega á svörum frá fólki á aldrinum 19-29 ára en tvöfalt hærra hlutfall karla á þessu aldursbili (32%) svaraði miðað við konur á sama aldri (15%), þó að fjöldinn sé nánast sá sami (50 karlar og 51 kona).

Mynd 14. Spurning 2 KK: Aldur




Mynd 15. Spurning 2 KVK: Aldur




Spurning 3 – KK, KVK

Á myndum 16 og 17 má sjá svör við spurningu 3 þar sem spurt er hvað Hlégarður er fyrir þátttakendum. Helsti munurinn á milli kynjanna er að valmöguleikinn „staður fyrir viðburði/skemmtanahald“ er með 9% fleiri atkvæði frá körlum en frá konum. Þá eru möguleikarnir „félagsheimili“ og „menningarmiðstöð“ með fleiri atkvæði frá konum en frá körlum. Þó munar ekki nema tæplega 5% í „félagsheimili“ og 3% í „menningarmiðstöð“. Svo virðist sem kynin séu nokkuð sammála um eðli Hlégarðs.

Mynd 16. Spurning 3 KK: Hvað er Hlégarður fyrir þér?



Mynd 17. Spurning 3 KVK: Hvað er Hlégarður fyrir þér?




Spurning 4 – KK, KVK

Á mynd 18 má sjá svör karla við spurningu 4 um rekstrarforsendu Hlégarðs.

Afgerandi meirihluti, eða 75,8% segja að menningar- og félagsstarfsemi ætti að vera helsta forsenda fyrir rekstri hússins. Þá eru um 15,3% sem finnst að húsið eigi að vera rekið í hagnaðarskyni til að skapa efnahagsleg verðmæti fyrir Mosfellsbæ.


Þegar svör kvenna eru skoðuð (mynd 19) má einnig sjá skýran meirihluta sem velur menningar- og félagsstarfsemi fram yfir rekstur í hagnaðarskyni. Hlutfallið hjá konum er 83,3% og 5,9% sem er meira afgerandi en hjá körlum. Örlítið fleiri konur en karlar höfðu ekki skoðun á málefninginu en þar munar tveimur prósentum.

Mynd 18. Spurning 4 KK: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?



ANSWER CHOICES	RESPONSES (%)	RESPONSES (COUNT)
Hlégarður á að vera rekinn í hagnaðarskyni til að skapa efnahagsleg verðmæti fyrir Mosfellsbæ?	15.29%	24
Hlégarður á að vera rekinn með menningar- og félagsstarfsemi að leiðarljósi með eins sjálfbærum hætti og kostur er.	75.80%	119
Hef ekki skoðun	8.92%	14
TOTAL		157

Mynd 19. Spurning 4 KVK: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hllégarðs að vera?




ANSWER CHOICES	RESPONSES (%)	RESPONSES (COUNT)
Hlégarður á að vera rekinn í hagnaðarskyni til að skapa efnahagsleg verðmæti fyrir Mosfellsbæ?	5.95%	20
Hlégarður á að vera rekinn með menningar- og félagsstarfsemi að leiðarljósi með eins sjálfbærum hætti og kostur er.	83.33%	280
Hef ekki skoðun	10.71%	36
TOTAL		336

Spurning 5 – KK, KVK

Þegar niðurstöður úr spurningu 5 um hlutverk Hlégarðs eru skoðaðar út frá svörum karla má sjá mjög svipaðar niðurstöður og hjá konunum. Sjá myndir 20 og 21. Helsti mismunur þessara niðurstaðna birtist í valkostum 4 og 6. Konur eru með talsvert hærra hlutfall í báðum þar sem 25% fleiri konur völdu 4 og 16% fleiri konur völdu 6. Einnig eru 13% fleiri konur sem velja valmöguleika 7 en karlar. Segja má að kynin séu á sama máli að mestu leyti um hlutverk Hlégarðs.


Þá er vert að nefna að heildarsvarhlutfall kvenna er 472% en 416% hjá körlum sem þýðir að kvenkyns þátttakendur merktu að meðaltali við fleiri valmöguleika en karlar.

Mynd 20. Spurning 5. KK: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?



ANSWER CHOICES	RESPONSES
1) Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árshátíðir, þorablót, leiksýningar, listasýningar osfrv.	87% 139
2) Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og uppistand.	67% 106
3) Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.	45% 71
4) Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga osfrv.	53% 85
5) Að auðvelda ungum listamönnum að sinna list sinni og koma henni á framfæri.	54% 86
6) Að bjóða samfélagsþópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnaði til að hittast eða halda viðburði.	45% 72
7) Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða)	39% 62
8) Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyra og utandyra, til að heimsækja utan vinnu og heimilis sem "þriðji staðurinn"	25% 39
9) Annað.	4% 6
Total Respondents: 159	

Mynd 21. Spurning 5.KVK: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?




ANSWER CHOICES	RESPONSES
1) Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árshátíðir, þorablót, leiksýningar, listasýningar osfrv.	87% 293
2) Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og uppistand.	61% 207
3) Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.	46% 155
4) Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga osfrv.	78% 264
5) Að auðvelda ungum listamönnum að sinna list sinni og koma henni á framfæri.	51% 173
6) Að bjóða samfélagshópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði til að hittast eða halda viðburði.	61% 207
7) Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða)	52% 177
8) Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyra og utandyra, til að heimsækja utan vinnu og heimilis sem "þriðji staðurinn"	33% 110
9) Annað.	2% 6
Total Respondents: 338	

Spurning 6 – KK, KVK


Þegar niðurstöður úr spurningu 6 um rekstrarform Hlégarðs eru bornar saman eftir kynjum má sjá hlutfallslegt samræmi. Sjá myndir 22 og 23. Þó er nokkur munur í ákveðnum svarmöguleikum sem vert er að nefna. Fyrst ber að nefna að 17% kvenna og 11% karla hafa ekki skoðun á málinu. Helsti munurinn á niðurstöðum spurningu 6 er í valmöguleikum 1 og 2. Valmöguleiki 1 er með hærra hlutfall hjá konum miðað við karla en valmöguleiki 2 er með hærra hlutfall hjá körlum miðað við konur. Þrátt fyrir að heildarhlutfall svaranna sé mjög svipað má greina mun í svörum kynjanna um rekstrarform sem bendir til þess að karlkyns þátttakendum finnist frekar að rekstraraðili eigi að koma að rekstri Hlégarðs, annaðhvort í samstarfi við bæinn eða ekki.

Mynd 22. Spurning 6 KK: Hvaða rekstrarform finnst þér edlilegast að hafa í Hlégarði?



ISWER CHOICES	RESPONSES
1) Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvarðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagsamtök og bæjarbúa.	41.40% 65
2) Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.	15.92% 25
3) Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.	31.21% 49
Hef ekki skoðun	11.46% 18
TAL	157

Mynd 23. Spurning 6 KVK.: Hvaða rekstrarform finnst þér edlilegast að hafa í Hlégarði?



ANSWER CHOICES	RESPONSES
1) Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvarðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagsamtök og bæjarbúa.	45.81% 153
2) Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.	9.28% 31
3) Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.	27.25% 91
Hef ekki skoðun	17.66% 59
TOTAL	334


4.4.2. Aldurshópar bornir saman

Aldursbilin <18–29 ára, 30–44 ára, 45–60 ára og 60+ mynda hópa innan úrtaksins sem gefa allir mismunandi niðurstöður. Þessar niðurstöður verða settar fram og bornar saman á milli aldursbila í þessum undirkafla. Fjöldi þátttakenda í hverju aldursbili kemur fram á mynd 6.


Spurning 2 – Aldurshópar

Þegar kynjaskipting aldurshópanna er skoðuð á myndum 24, 25, 26 og 27, má sjá talsverðan mun á milli ákveðinna aldursbila. Í elstu þremur aldursbilunum, 30–44 ára, 45–60 ára og eldri en 60 ára er hlutfall karla og kvenna svipað, í kringum 72% konur og 28% karlar. Aðra sögu er að segja með yngsta aldursbilið, <18–29 ára, en þar er skiptingin nánast fullkomlega jöfn, eða 50,8% konur og 49,2% karlar. Sjá myndir 26, 27, 28 og 29.

Mynd 24. Kyn 18-29 ára




Mynd 25. Kyn 30-44 ára



Mynd 26. Kyn 45-60 ára



Mynd 27. Kyn 60+ ára



Spurning 3 – Aldurshópar

Niðurstöður aldurshópa í spurningu 3 má sjá á myndum 28, 29, 30 og 31. Yngsta aldursbilið, <18–29, sýndi afgerandi afstöðu í þessu svari en 96% þátttakenda á aldursbilinu vilja meina að Hlégarður sé staður fyrir viðburði og skemmtanahald. 28% telja Hlégarð vera menningarmiðstöð og 17% telja Hlégarð vera félagsheimili. Færa má rök fyrir því að af öllum sem völdu valkostinn „menningarmiðstöð og félagsheimili“ hafi líklega flestir einnig valið „staður fyrir skemmtanahald/viðburði“ valkostinn þar sem einungis fjórir þátttakendur völdu ekki þann möguleika. Vert er að benda á þá staðreynd að minnihluti þátttakenda á aldursbilinu <18–29 telur Hlégarð vera félagsheimili.

Á aldursbilunum 30–44 og 45–60 var valmöguleikinn „félagsheimili“ með um 7% fleiri atkvæði en „menningarmiðstöð“. Hlutfall á milli svarmöguleika er töluvert jafnara hjá eldri aldurshópunum þremur en hjá yngsta aldurshópnum. Þó er skýrt að helsta skilgreining Hlégarðs að mati allra aldurshópa er „staður fyrir viðburði/skemmtanahald“ eða um 90% og 76%.

Þegar 60+ hópurinn er skoðaður má sjá umtalsvert jafnari niðurstöður en hjá <18–29 og talsvert jafnari en hjá 30–44 og 45–60. Valkostirnir „félagsheimili“ og „menningarmiðstöð“ hlutu báðir um 50% atkvæða hjá elsta aldurshópnum en „staður fyrir viðburði/skemmtanahald“ bar af með 67% hlutfall.

Gögnin sýna að mismunandi er á milli aldurshópa hvort þátttakendur völdu einn valmöguleika eða fleiri. Ef allir þátttakendur innan hvers hóps völdu alla valmöguleikana, væri heildarsvarhlutfall miðað við fjölda þátttakenda 300%. Ef allir þátttakendur innan hvers hóps völdu einn valmöguleika, væri það 100%. Þetta svarhlutfall gefur hugmynd um hversu fjölbætt skilgreining þátttakendum finnst eiga við um Hlégarð.

Heildarsvarhlutfall eftir aldursbilum:

18–29: 141,5%

30–44: 174,8%


45–60: 159,5%

60+: 171,9%

Þessar tölur gefa til kynna að yngstu þátttakendur velja frekar færri skilgreiningar á Hlégarði en þátttakendur á aldrinum 30 ára og upp úr.

Heildarniðurstöður með tilliti til aldurshópa benda til þess að eftir því sem aldur þátttakenda hækkar velji færri valkostinn „staður fyrir viðburði/skemmtanahald“ og heildarhlutfall niðurstaðna jafnast á milli valkosta. Þetta bendir til þess að eftir því sem þátttakendur eldast eru meiri líkur á að þeir velji fleiri en eina skilgreiningu á Hlégarði.


Mynd 28. Spurning 3. <18-29: Hvað er Hlégarður fyrir þér?




Mynd 29. Spurning 3. 30-44: Hvað er Hlégarður fyrir þér?



Mynd 30. Spurning 3. 45-60: Hvað er Hlégarður fyrir þér?



Mynd 31. Spurning 3. 60+: Hvað er Hlégarður fyrir þér?




Spurning 4 – Aldurshópar


Þegar þátttakendur voru spurðir um rekstrarforsendu Hlégarðs var mismunandi á milli aldurshópa hvort þeir höfðu skoðun á málefninu eða ekki. Sjá myndir 32, 33, 34 og 35. Á aldursbilunum <18–29 og 30–44 hafði hærra hlutfall þátttakenda ekki skoðun en hlutfall þeirra sem völdu valmöguleika 1.

<18–29 aldurshópurinn var með hæsta hlutfall í valmöguleika 1 af öllum aldursbilunum. Aldursforsetar könnunarinnar í 60+ aldursbilinu voru með mjög afgerandi skoðun á málefninu. Þar höfðu allir þátttakendur skoðun og einungis 1,5% voru þeirrar skoðunar að Hlégarður eigi að vera rekinn í hagnaðarskyni. Helsti mismunur aldurshópa birtist í því að fleiri hafa skoðun eftir sem aldur hækkar og hlutfall valmöguleika 2 eykst.


Mynd 32. Spurning 4. <18-29: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?



Mynd 33. Spurning 4. 30-44: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?



Mynd 34. Spurning 4. 45-60: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?



Mynd 35. Spurning 4. 60+: Að þínu mati, hver ætti helsta rekstrarforsenda Hlégarðs að vera?



Spurning 5 – Aldurshópar

Þátttakendur voru spurðir hvert þeim fyndist hlutverk Hlégarðs eiga að vera. Svarmöguleikarnir voru níu en níundi valmöguleikinn bauð upp á textabox sem þátttakendur gátu skrifað sína skoðun í. Spurningin er víðtæk og því voru niðurstöður þessarar spurningar fjölbreyttar eftir mismunandi aldursbilum. Sjá myndir 36, 37, 38 og 39.

Svarmöguleiki 1, að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa, fékk hæsta svarhlutfall hjá aldurshópnum <18–29, eða 93%, og lægsta hlutfallið hjá 45–60 hópnum, eða 79%.

Svarmöguleiki 2, að halda einfalda viðburði líklega til árangurs fjárhagslega, var talsvert vinsælli hjá <18–29 og 30–44 ára þátttakendum en hjá 45–60 hópnum. Þá var 60+ aldursbilið með lægsta hlutfallið í valmöguleika 2.

Í svarmöguleika 3, að halda viðburði sem tengja aldurshópa, eru svör þátttakenda á öllum aldursbilum nokkuð svipuð en þó ber 30–44 ára aldursbilið af með 59% hlutfall þar sem <18–29 er með 46% og 44–60+ með um 37%. Þetta bendir til þess að þátttakendur á aldursbilinu 30–44 séu hlynntari því að Hlégarður haldi viðburði sem tengja aldurshópa en hinir aldurshóparnir að meðaltali.

Í valmöguleika 4, þar sem spurt er um félagslega samheldni, voru elstu þrír hóparnir með svipað hlutfall. Meðalsvarhlutfall þátttakenda frá 30 ára og upp úr var 74% sem gefur góða hugmynd um muninn á niðurstöðum <18–29 hópsins, sem var með 56% í svarmöguleika 4, og eldri þátttakenda. Þessi tiltekna niðurstaða bendir til þess að þátttakendur eldri en 30 ára séu sammála um samheldni sem eins hlutverks Hlégarðs. 81% þátttakenda á aldrinum 30–44 ára völdu valmöguleika 4.

Í svarmöguleika 5 er lagt til að hlutverk Hlégarðs eigi að vera að auðvelda ungum listamönnum að sinna list sinni og koma henni á framfæri. Í þessum valkosti eru aldurshóparnir <18–29 og 45–60 nánast alveg sammála. 49% af yngri hópnum völdu svarmöguleika 5 og 50% af þátttakendum í 45–60 aldurshópnum. Aldursbilið 30–44 ára var með hæsta hlutfallið í þessum svarmöguleika, 63%, og elsti hópurinn, 60+, með minnsta hlutfallið, 38%. Erfitt er því að greina mynstur úr niðurstöðum svarmöguleika númer 5, annað en að bilið á milli aldurshópa var innan við 14% sem bendir til sammælis.


Svarmöguleiki 6 segir hlutverk Hlégarðs vera að bjóða samfélagshópum, einstaklingum og fyrirtækjum aðstöðu til að hittast eða halda viðburði. Þátttakendur á

aldrinum 30 ára og upp úr voru með að meðaltali 58% hlutfall í þessum svarmöguleika en <18–29 hópurinn 49%, eða níu prósent minna en þátttakendur yfir þrítugu.

Í svarmöguleika 7 var stungið upp á að Hlégarður sinni því hlutverki að vinna með stofnunum bæjarins um afnot á húsinu. Hæsta svarhlutfall var hjá 30–44 aldersbilinu og það lægsta hjá <18–29 aldersbilinu. Í þessum svarmöguleika voru 45–60 og 60+ hóparnir með svipaða niðurstöðu í kringum 45% en 30% þátttakenda á yngsta aldersbilinu völdu valmöguleika 7 og 65% svarenda á aldrinum 30–44 ára.


Áttundi svarmöguleiki segir að hlutverk Hlégarðs eigi að vera að bjóða bæjarbúum vettvang sem „þriðji staðurinn“. Þessi valkostur var með svipað hlutfall hjá þátttakendum á aldrinum 30 ára og eldri, eða um 34% meðaltal. Hins vegar var <18–29 aldersbilið með 17% svarhlutfall í svarmöguleika 7 sem þýðir að um þriðjungur þátttakenda yfir þrítugu sé hlynntur þessari hugmynd en helmingi færri undir þrítugu eru hlynntir henni.

Mynd 36. Spurning 5. <18-29: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?




SWER CHOICES	RESPONSES
1) Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árs hátíðir, þorablót, leiksýningar, listasýningar osfrv.	93% 110
2) Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og upplstand.	68% 80
3) Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.	46% 54
4) Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga osfrv.	56% 66
5) Að auðvelda ungum listamönnum að sinna list sinni og koma henni á framfæri.	49% 58
6) Að bjóða samfélagshópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði til að hittast eða halda viðburði.	49% 58
7) Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða)	30% 35
8) Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyrna og utandyra, til að helmsækja utan vinnu og heimilis sem "þriðji staðurinn"	17% 20
9) Annað.	Responses 3% 3

Mynd 37. Spurning 5. 30-44: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?




SWER CHOICES	RESPONSES
1) Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árs hátíðir, þorablót, leiksyningar, listasýningar osfrv.	93% 135
2) Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og upplístand.	74% 108
3) Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.	58% 84
4) Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga osfrv.	81% 117
5) Að auðvelda ungm lístamönnum að sinna líst sinni og koma henni á framfæri.	63% 92
6) Að bjóða samfélagsþópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði til að hittast eða halda viðburði.	61% 89
7) Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða)	64% 93
8) Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyra og utandyra, til að heimsækja utan vinnu og heimilis sem "þriðji staðurinn"	34% 50
9) Annað.	Responses 2% 3

Mynd 38. Spurning 5. 45-60: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?



SWER CHOICES	RESPONSES
1) Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árs hátíðir, þorablót, leiksyningar, listasýningar osfrv.	79% 133
2) Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og upplístand.	57% 96
3) Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.	38% 64
4) Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga osfrv.	70% 119
5) Að auðvelda ungm lístamönnum að sinna líst sinni og koma henni á framfæri.	50% 85
6) Að bjóða samfélagsþópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði til að hittast eða halda viðburði.	56% 94
7) Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða)	49% 83
8) Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyra og utandyra, til að heimsækja utan vinnu og heimilis sem "þriðji staðurinn"	36% 60
9) Annað.	Responses 3% 5

Mynd 39. Spurning 5. 60+: Hvert finnst þér að hlutverk Hlégarðs eigi að vera?



SWER CHOICES	RESPONSES
1) Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árs hátíðir, þorablót, leiksyningar, listasýningar osfrv.	83% 52
2) Að halda einfalda viðburði sem eru líklegir til árangurs fjárhagslega sbr. tónleika og upplístand.	46% 29
3) Að halda viðburði sem tengja aldurshópa.	37% 23
4) Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga osfrv.	71% 45
5) Að auðveldast umgengingum að sinna list sinni og koma henni á framfæri.	38% 24
6) Að bjóða samfélagsþópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði til að hittast eða halda viðburði.	57% 36
7) Samvinna við stofnanir bæjarins um afnot af húsinu fyrir þeirra starf (t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og dvalarheimili fyrir aldraða)	43% 27
8) Bjóða bæjarbúum vettvang bæði innandyra og utandyra, til að heimsækja utan vinnu og heimilis sem "þriðji staðurinn"	30% 19
9) Annað.	Responses 2% 1

Spurning 6 – Aldurshópar

Í spurningu 6 voru þátttakendur spurðir hvaða rekstrarform þeim þætti eðlilegast að hafa í Hlégarði. Valmöguleikarnir voru þrír:

1. Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvarðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagasamtök og bæjarbúa.
2. Mosfellsbær leigir húsið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.
3. Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.

Niðurstöður má sjá á myndum 40, 41, 42 og 43. Aldurshóparnir á milli yngsta og elsta hóps (30–44 og 45–60) voru báðir með helmings hlutfall í valmöguleika 1. Elsti hópurinn (60+) var síðan með hæsta hlutfallið í valmöguleika 1 og sá yngsti með lágsta hlutfallið.

Skiptar skoðanir voru á valkosti númer tvö þar sem <18–29 og 45–60 voru í kringum 15 prósentin en 30–44 og 60+ voru í kringum 5%.

Þátttakendur voru á sama máli með valkost 3 en um þriðjungur valdi hann í öllum aldurshópum.

Svo virðist sem elsti hópurinn (60+) gefi mest afgerandi niðurstöður hvað varðar rekstrarform og að sá yngsti (<18–29) sé með mestu dreifinguna í svörum. Einnig má benda á hlutfall þeirra sem ekki höfðu skoðun á málefninu á milli aldurshópa. Þriðjungur þátttakenda í yngsta aldurshópnum (<18–29) hafði ekki skoðun en í aldurshópum 30–44 og 45–60 var hlutfallið 11% á meðan þátttakendur sem voru 60 ára og eldri höfðu allir skoðun á þessu tiltekna málefni.

Í þessum niðurstöðum verður hlutfallið á milli valkosta meira afgerandi eftir því sem þátttakendur eru eldri.

Mynd 40. Spurning 6. <18-29: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?




ANSWER CHOICES	RESPONSES
1) Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvarðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagsamtök og bæjarbúa.	31.36% 37
2) Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.	14.41% 17
3) Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.	22.03% 26
4) Hef ekki skoðun	32.20% 38

Mynd 41. Spurning 6. 30-44: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?




ANSWER CHOICES	RESPONSES
1) Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvarðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagsamtök og bæjarbúa.	47.55% 68
2) Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.	5.59% 8
3) Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.	34.97% 50
4) Hef ekki skoðun	11.89% 17

Mynd 42. Spurning 6. 45-60: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?



ANSWER CHOICES	RESPONSES
1) Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvaðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagsamtök og bæjarbúa.	44.05% 74
2) Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.	16.67% 28
3) Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.	27.38% 46
4) Hef ekki skoðun	11.90% 20

Mynd 43. Spurning 6. 60+: Hvaða rekstrarform finnst þér eðlilegast að hafa í Hlégarði?



ANSWER CHOICES	RESPONSES
1) Mosfellsbær kostar rekstur félagsheimilisins og stendur straum af húsnæðiskostnaði og launum starfsmanna sem ákvaðar þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagsamtök og bæjarbúa.	61.90% 39
2) Mosfellsbær leigir húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði eftir eigin áherslum.	4.76% 3
3) Mosfellsbær leggur húsnæðið til rekstraraðila sem háttar þjónustuframboði í samvinnu við Mosfellsbæ.	30.16% 19
4) Hef ekki skoðun	3.17% 2

5. Samantekt

Markmið þessarar rannsóknar var að komast að því hvað Mosfellungum finnst að Hlégarður eigi að bjóða upp á og hvernig þeim finnst að standa eigi að rekstrinum. Í fyrstu efnislegu spurningu rannsóknarinnar var spurt hvað Hlégarður væri fyrir þátttakendum. Fyrir einhverjum áratugum hefði líklega yfirgnæfandi meirihluti valið „félagsheimili“ þar sem hlutverk hússins var skýrara í upphafi. Svör við þessari spurningu leiddu í ljós að flestir telja Hlégarð vera stað fyrir viðburði og skemmtanahald. Talsvert færri þátttakendur völdu „félagsheimili“ og „menningarhús“ en þeir valmöguleikar fengu sama svarhlutfall sem er ansi áhugavert. Velta má upp hugmyndinni um að þátttakendur hafi annaðhvort valið alla valmöguleikana eða bara þann þriðja sem er „staður fyrir viðburði/skemmtanahald“. Þegar niðurstöður þessarar spurningar eru skoðaðar með tilliti til aldurshópa má sjá nokkuð skýran mun þar sem yngri kynslóðin útilokar frekar „félagsheimili“ og „menningarmiðstöð“ en eftir því sem aldur þátttakenda hækkar jafnast hlutfallið á milli valkostanna þriggja. Þær niðurstöður benda til þess að eldri þátttakendum finnst Hlégarður eiga skilið víðtækari skilgreiningu en þeim yngri. Þetta bendir til þess að hlutverk hússins sé að taka breytingum og að það þjóni öðru hlutverki en það gerði fyrir nokkrum áratugum. Félagshheimili er mögulega kunnuglegra fyrirbæri fyrir eldri þátttakendum og líklegt er að þeir tengi Hlégarð við hugtakið vegna sögu hússins.

Þegar rekstrarform og rekstrarforsenda eru skoðuð út frá niðurstöðum rannsóknar má sjá samhljóm meðal þátttakenda um að Hlégarður ætti að vera rekinn með sjálfbærum hætti og með aðkomu Mosfellsbæjar. Svo virðist sem þátttakendum finnst að húsið eigi að vera starfrækt með svipuðum hætti og félagsheimili voru hér áður þar sem hlutverkið var frekar að þjóna samfélaginu en að þjóna þeim sem rekur húsið. Þó er vert að minnast á muninn á milli kynja og aldurshópa í þessum niðurstöðum: karlar voru með þrefalt herra hlutfall (15%) í fyrsta valmöguleikanum sem á við um hagnaðarskyn en konur (5%). Þá var enn meiri munur á milli yngsta aldurshópsins og þeim elsta í sama valmöguleika.

Munurinn á samfélaginu í dag miðað við það sem áður var er talsverður eins og rakið var í kaflanum um Hlégarð á 20. og 21. öldinni. Minni þörf er á húsnæði fyrir hina ýmsu starfsemi sem endaði oft í félagsheimilum áður fyrr, t.d. bío, íþróttæfingar, dansleikir og fundarhöld, en svo virðist sem þörfin sé enn til staðar fyrir húsnæði sem sinnir félagsstarfi, menningarstarfi og starfsemi sem stuðlar að

félagslegri samheldni. Í spurningu 5 um hlutverk Hlégarðs er heildarhlutfall svara 452% sem þýðir að hver þátttakandi valdi að meðaltali 4,5 valmöguleika. Þetta gefur í skyn að þátttakendum finnist hlutverk Hlégarðs vera fjölpætt. Vinsælustu valkostirnir voru númer 1 og númer 4 en þeir eru „Að halda fjölbreytta viðburði fyrir bæjarbúa með reglubundnum hætti, sbr. árshátíðir, þorrablót, leiksýningar, listasýningar o.s.frv.“ og „Að halda viðburði sem stuðla að félagslegri samheldni sbr. námskeið, kynningar, fræðslukvöld, umræðuhittinga o.s.frv.“. Færa má rök fyrir því að þar sem þessir valkostir fengu hæsta hlutfallið, tákni þeir hvað flestum þátttakendum finnist að hlutverk Hlégarðs eigi að vera. Þá er niðurstaða þátttakenda sú að í húsinu eigi að halda viðburði til að skemmta bæjarbúum (vera staður fyrir skemmtanahald) og að halda viðburði sem ýta undir samheldni (vera félagsheimili/menningarhús). Aðrir valmöguleikar, t.d. 2, 3, 5 og 7, fengu í kringum helmings fylgi sem bendir til þess að þátttakendur höfðu skiptar skoðanir á því hvort húsið eigi að sinna nákvæmlega þeim hlutverkum en helmingshlutfall er ágætt engu að síður. Hugmyndin um þriðja staðinn virðist ekki vera jafn vinsæl meðal þátttakenda sem bendir til þess að þeim finnist flestum að slík starfsemi falli ekki undir hlutverk Hlégarðs. Þó er 30% hlutfall vísbending um markverðan áhuga þátttakenda.

Niðurstöður úr spurningu 6 um rekstrarform Hlégarðs leiða í ljós að meirihluti þátttakenda (44%) vill að Mosfellsbær sjái alfarið um rekstur hússins. Þó eru nokkuð margir sem ekki hafa skoðun á málinu. Samtals vilja 73% þátttakenda að Mosfellsbær komi beint eða óbeint að rekstri hússins og þjónustuframboði. Flestum finnst eðlilegast að Mosfellsbær kosti rekstur hússins, ásamt launum starfsmanns, og ákvarði þjónustuframboð í samstarfi við listamenn, félagasamtök og bæjarbúa en það er einmitt rekstrarformið sem er við lýði í dag. Því má draga þá ályktun að bæjarbúar séu almennt sáttir við rekstrarform Hlégarðs eins og það er núna. Áhugavert er að hlutfall þeirra sem ekki hafa skoðun er hærra en hlutfall þeirra sem vilja gamla rekstrarformið þar sem utanaðkomandi aðili rekur húsið og stjórnar framboðinu.

Í síðustu spurningunni gafst þátttakendum tækifæri til að koma einhverjum skilaboðum á framfæri. Af þeim svörum sem bárust má greina jákvæðni þátttakenda í garð Hlégarðs og könnunarinnar ásamt tillögum um hvernig nýta megi húsið eða breyta. Átján af þessum 33 svörum koma inn á jákvæðar hliðar á nýtingu hússins og benda til vilja af hálfu þátttakenda til að taka þátt í aukinni nýtingu hússins (svör nr. 2, 3, 4, 6, 8, 9, 10, 11, 16, 17, 22, 24, 25, 26, 28, 29, 31 og 32). Einn þátttakandi lagði til að Mosfellsbær ætti að nýta húsið til að brjóta ísinn á milli einstaklinga innan

samfélagsins sem glíma við einmanaleika og þar með vinna að markmiðum sínum sem heilsueflandi samfélag þar sem andleg heilsa er hluti af lýðheilsu samfélaga. Þá gæti Hlégarður stílað inn á að hafa opið á kvöldin og um helgar svo að fólk ætti auðveldara með að mæta og hitta annað fólk (svar 4, mynd 12). Þessi hugmynd kallast á við umfjöllunina um samheldni og félagsheimili.

Í valmöguleikanum „annað“ í spurningu 5 um hlutverk Hlégarðs gafst þátttakendum tækifæri til að bæta við þeim hugmyndum sem þeir höfðu. Þar kemur orðið „kaffihús“ upp í tveimur svörum en orðið var einnig að finna í svörum við spurningu 7. Svo virðist sem einhverjir þátttakendur séu hrifnir af hugmyndinni um að Hlégarður starfræki kaffihús á sínum snærum til að auka umferð í húsinu. Einnig er minnst á veitingahús í svari við spurningu 5. Í svörunum má greina vilja til þess að húsið nýtist fyrir félagasamtök og Aftureldingu, ásamt vilja fyrir því að húsið sé notað fyrir viðburðahald um helgar. Svörin endurspeglar fjölbreytileika niðurstaðna við spurningu 5 þar sem flestir þátttakendur völdu fleiri en einn svarmöguleika. Eitt svarið í valmöguleikanum „annað“ var:

Að útbúa og selja aðgang (áskrift eins og í ræktina) að smiðju t.d. verkfærum til lítilla handavinnuverkefna í smíðum/myndlist/ullarvinnslu. Þá er ég ekki að tala um að þarna séu öll heimsins hráefni heldur verkfæri (tífsagir/standborvélar/saumavélar/garnvindur-/spilaborð...- einskona safn verkfæra til að nota á staðnum) til að sinna handavinnu og áhugamálum og þá væri þetta góður staður til að sinna áhugamálum utan við heimilið og hitta fólk rjúfa einmanaleikann. (Sjá spurningu 5 í kafla 4.3.)

Þessi hugmynd leggur til aðferð við að gera húsið opið öllum til að hvetja til samkomu fólks á „þriðja staðnum“ og hún er mjög gott dæmi um aðstæður sem mynda samheldni.

Munur á milli kynja

Helsti mismunur svara á milli kynjanna birtist í spurningum 4 og 6. Í spurningu 4 um rekstrarforsendu finnst 10% fleiri körlum að Hlégarður eigi að vera rekinn í hagnaðarskyni. Í spurningu 6 um rekstrarfyrirkomulag höfðu fleiri karlar skoðun á málinu og fleiri karlar voru hlynntari því að rekstraraðili kæmi að rekstri Hlégarðs. Einnig kom fram munur á milli kynja í svörum við spurningu 5, konur voru mun hlynntari valmöguleikum 4 og 6 sem sneru að samheldni og að bjóða samfélagshópum, einstaklingum og fyrirtækjum húsnæði en karlar.

Þessi mismunur bendir til þess að karlkyns þátttakendur séu hlyntari því að Hlégarður verði rekinn í hagnaðarskyni og undir stjórn utanaðkomandi rekstraraðila, ásamt því að þeir eru ekki eins hlyntir starfsemi sem ýtir undir samheldni í Hlégarði. Mögulega má tengja þennan viðhorfsmun við aldursdreifingu kynjanna. Karlkyns úrtakið var hlutfallslega með mun fleiri þátttakendur á aldrinum <18–29 en kvenkyns úrtakið.

Aldursmunur

Ef rýnt er í niðurstöður þátttakenda með tilliti til aldurshópa má sjá ákveðið mynstur. Aldurshópurinn <18–29 ára virtist vera hlyntari því að Hlégarður verði rekinn í hagnaðarskyni og af rekstraraðila en hinir aldurshóparnir. Sérstaklega afgerandi mun var að finna á svörum <18–29 ára og 60 ára+, sem er kannski ekki skrytið. Þessi mismunur vekur upp spurningar um framtíð Hlégarðs og hvort skoðanir þessa aldurshóps muni breytast eða valda breytingum

6. Umræður

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að hlutverk Hlégarðs í dag sé flóknara en áður. Í sögu Hlégarðs sjáum við að þörfin fyrir hið klassíska félagsheimili minnkaði og sjálfstæður rekstur tók við. Í mörg ár var Hlégarður rekinn af rekstraraðila sem vann gott starf undir þeim formerkjum að borga mánaðarlega leigu og halda lífi í húsinu. Í dag virðist félagsheimilaandinn vera vaknaður að nýju þar sem rannsóknin leiðir í ljós mikilvægi þess, að mati þátttakenda, að hafa fjölbreytta starfsemi og félags- og menningarmiðaðar áherslur í Hlégarði. Svo virðist sem þátttakendur hafi verið sammála um að Hlégarður eigi að vera rekinn með sjálfbærum hætti með áherslu á félags- og menningarstarf og að Mosfellsbær eigi að koma að rekstrinum með beinum eða óbeinum hætti. Þessi þróun er mögulega skref í átt til fortíðar í samhengi við sögulega þróun félagsheimila og samfélaga þar sem starfsemin hefur hægt og rólega byrjað að snúast um skemmtanir og arðsemi rekstraraðila.

Þegar Hlégarður var vígður var mikil hátíð haldin sem undirstrikar mikilvægi hússins á þeim tíma. Eins og fram hefur komið hefur margt breyst síðan þá. Ef rýnt er í umfjöllun um vígslu Hlégarðs má sjá tilvísun í ræðu Halldórs Laxness:

„Meðal ræðumanna var Halldór Laxness, þjóðardjásn okkar Íslendinga, en hann hrósaði nafni hússins í ræðu sinni og sagði það viðeigandi í tvennum skilningi:

húsið sé byggt í dæld þar sem það er í hléi fyrir vindinum og að það veiti sveitungum hlé og skjól til menntunar og skemmtunar.“ (Sjá kafla 3.2.)

Þessi myndlíking Halldórs er mögulega viðeigandi enn þann dag í dag. Niðurstöður rannsóknar gefa til kynna að þátttakendur vilji að Hlégarður sé vettvangur fyrir viðburðahald á borð við tónleika og uppistand en hátt hlutfall þátttakenda er einnig þeirrar skoðunar að Hlégarður eigi að standa fyrir viðburðum sem ýta undir samheldni á borð við t.d. fræðslukvöld og námskeið. Segja má að slík starfsemi flokkist undir menntun og skemmtun. Mætti þá segja að hlutverk félagsheimila í nútímasamfélagi sé komið í sitt upprunalega form?

Ekki alveg. Þó að áherslur Mosfellsbæjar um menningarmiðaða starfsemi og aukna nýtingu í húsinu ásamt niðurstöðum rannsóknarinnar bendi til þess að hlutverkið sé líkara því sem áður var, má ekki með sanni segja að það sé eins og það var fyrir 70 árum. Á þeim tíma var vægi hússins mun meira sem þýðir að það lék hlutverk í félagslífi flestra bæjarbúa. Áherslur starfseminnar eru þó orðnar líkari því sem áður var og stefna bæjarins um að nýta húsið meira er einnig í takt við það. Hins vegar er hlutverk Hlégarðs eins og það birtist í dag alfarið í höndunum á Mosfellsbæ. Áður fyrir ákvarðaðist það af áherslum félagasamtaka sem áttu hlut í félagsheimilinu. Þetta þýðir að félagsheimilið breytist og þróast með stefnu Mosfellsbæjar í menningarmálum og eins og fram kemur í stefnu bæjarins er Hlégarður verkfæri sem bærinn notar til að vinna að stefnutengdum markmiðum.

Að þessu sögðu má með sanni segja að endurbætur og breytingar á starfsemi Hlégarðs hafi leitt til þess að hlutverk hússins er nær því sem upprunalega var þó að kringumstæður séu breyttar.

Til að komast að niðurstöðu um hlutverk félagsheimila almennt í nútímasamfélagi er réttast að rifja upp lykilatriði úr umfjöllun um þau úr kafla 2.1. Félagsheimili voru staðir fyrir félagasamtök og bæjarbúa til að hittast undir ýmsum formerkjum. Þau gátu verið notuð fyrir fundarhöld, íþróttatíma, kvikmyndasýningar, uppboð, leiksýningar, böll og fjáraflanir. Mörg af félagsheimilum Íslands hafa brugðið sér í allra kvikinda líki eftir aðstæðum hverju sinni sem var afleiðing þess að húsnæði var gjarnan af skornum skammti. Algengt var að félagsheimili héldu uppi helstu afþreyingu sveitunga þegar lítið annað var um að vera. Húsin voru byggð með styrkjum frá ríkinu og sjálfboðaliðavinnu félagasamtaka sem fengu gjarnan að standa að rekstri hússins en segja má að það hafi verið mikilvægasta hliðin á uppbyggingu húsanna, að félagasamtök fengu húsnæði fyrir starf sitt.

Eftir að hafa fjallað um félagsheimili í löngu máli og unnið rannsókn á skoðunum Mosfellinga um Hlégarð, er niðurstaða þessarar ritgerðar þessi:

Með tilliti til sögunnar má segja að félagsheimilin hafi verið fleiri og leikið stærri hlutverk í samfélögum hér á árum áður. Í dag er Hlégarður rekinn af Mosfellsbæ með yfirlýst markmið um að húsið verði nýtt til að efla menningarstarfsemi og að auka nýtingu hússins almennt. Þátttakendur rannsóknarinnar, íbúar Mosfellsbæjar, virðast vera hlynntir þessu fyrirkomulagi og vilja sjá enn meiri virkni í húsinu. Þegar kom að hlutverki Hlégarðs lögðu þátttakendur áherslu á skemmtanir og viðburði sem stuðla að samheldni en svo virðist sem hlutverk Hlégarðs sé mjög fjölbreytt að mati þátttakenda. Miðað við það hlutverk sem félagsheimili höfðu á sínu blómaskeiði má segja að þetta fyrirkomulag og þessar áherslur séu í takt við það sem áður var. Þess vegna er niðurstaðan sú að félagsheimili í nútímasamfélagi sinni því hlutverki að bjóða bæjarbúum upp á viðburði og þjónustu sem er aðgengileg öllum auk þess að geta verið mikilvægur hlekkur í menningarstefnu bæjarfélags. Samheldni er einkennandi hugtak fyrir þá starfsemi sem félagsheimili ætti að bjóða upp á. Þetta hlutverk er skylt því hlutverki sem félagsheimili höfðu alla jafna áður fyrr sem dregur fram mikilvægi þeirra fyrr og nú.

Lokaorð

Félagsheimili eru hús sem hafa fylgt Íslendingum í þrefaldan líftíma höfundar og því var mjög upplýsandi að fjalla um sögu þeirra með þessum hætti. Hlégarður er birtingarmynd félagslífsins í Mosfellsbæ en húsið hefur ævinlega endurspeglað mannlífið í bænum eins og fram hefur komið. Ritgerð þessi var unnin af miklum áhuga fyrir viðfangsefninu og löngun til að varpa ljósi á rannsóknarefnið. Mikla velvild var að finna í garð verkefnisins frá öllum sem að því komu. Starfsmenn bæjarskrifstofu, viðburðastjóri Hlégarðs, þátttakendur og fólk sem gaf sig á tal við höfund sýndu verkefninu áhuga og vilja til að taka þátt í því. Niðurstöður ritgerðarinnar eru skýrar og rannsóknarniðurstöður eru dýrmætar upplýsingar um viðhorf Mosfellinga til Hlégarðs. Þátttaka í rannsókninni var mun betri en gert var ráð fyrir sem eflir niðurstöður og eykur alhæfingargildi hennar. Félagsheimili á Íslandi eru viðfangsefni sem lítið hefur verið fjallað um en þær ritgerðir sem hafa verið birtar í háskólaumhverfinu skiptu sköpum við gerð þessarar ritgerðar. Áhuginn fyrir félagsheimilinu virðist vera að færast í aukana og þess vegna eru þessi skrif vonandi gagnlegt innlegg í viðfangsefnið. Höfundur hefur sjálfur mikinn áhuga á samfélaginu í Mosfellsbæ og vonar innilega að þessi rannsókn geti hjálpað bænum við að efla félagslíf bæjarins og auka lífsgæði íbúa. Segja má að tímasetningin fyrir þessa rannsókn hafi verið fullkomin þar sem hún er framkvæmd sex mánuðum eftir að Mosfellsbær ræður viðburðastjóra til að starfa í Hlégarði. Félagsheimilið hefur ekki verið jafn mikið til umræðu í samfélagi Mosfellinga í mörg ár en það endurspeglast mögulega í fjölda þátttakenda í rannsókninni.

Framtíð Hlégarðs virðist vera björt og segja má að árið 2023 marki nýtt upphaf í sögu hússins. Upphaf sem endurvekur gamla hlutverk Hlégarðs að einhverju leyti og veitir manneskjum rými til að læra hver af annarri og skemmta sér. Eins og Halldór Laxness sagði þá er Hlégarður staður til menntunar og skemmtunar.

Heimildaskrá

Birgir Sigurðsson. (2006, 10. nóvember). Leikfélag í 30 ár. *Mosfellingur*, 5(15), 4.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. (2005). *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*. Þjaxi ehf.

Byggðastofnun. (e.d.). *Mannfjöldaspá – Byggðabrunnur*.

<https://www.byggdabrunnur.is/mannfjoldaspa/mannfjoldaspa.html>

Edda Lóa Hermannsdóttir. (2019). „*En þetta var bara gamall kofi sem ég er ástfangin af núna*“: *Félagsheimilið Röðull á Skarðsströnd, saga þess og samfélagslegt gildi*. [BA ritgerð]. <http://hdl.handle.net/1946/32658>

Eriksson, B. (2023). *Bonding and bridging: Social cohesion in collaborative cultural practices in shared local spaces*. 26, 26–41.

<https://doi.org/10.18261/nkt.26.1.3>

Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2023*.

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout2/

Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum 1901-1990*.

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__sv_eitarfelogeldra/MAN02120.px/table/tableViewLayout2/

Harpa. (e.d.). *Eldborg*. <https://www.harpa.is/tonleikar/eldborg>

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. (2017, 25. september). *Hlégarður*.

<http://www.hermos.is/forsida/frettir/frett/?newsid=56f6be12-a1fc-11e7-9411-005056bc0bdb>

Íslensk nútímamálsorðabók. (e.d.). <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/28222>

Jón Gunnar Bernburg. (2005, 21. nóvember). *Hvernig útskýrir maður aðferðafræði*

félagsvísinda? Vísindavefurinn. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5420>

-
- Jón M. Ívarsson. (2007). *Vormenn Íslands Saga UMFÍ í 100 ár*. Ungmennafélag Íslands. https://www.umfi.is/media/ljtjixyl/vormenn-islands_low.pdf
- Jónas Þór Guðmundsson. (2022). *Félagsheimili Kópavogs: Frá sameiningartákni til niðurrifs*. [MA ritgerð]. <http://hdl.handle.net/1946/40697>
- Laland, K. (2018, 1. september). *What Made Us Unique*. Scientific American. <https://doi.org/10.1038/scientificamerican0918-32>
- Lög um félagsheimili, nr. 107. (1970). <https://www.althingi.is/lagas/153c/1970107.html>
- Manca, A. R. (2014). Social Cohesion. Í A. C. Michalos (ritstj.), *Encyclopedia of Quality of Life and Well-Being Research* (bls. 6026–6028). Springer Netherlands. https://doi.org/10.1007/978-94-007-0753-5_2739
- Menningar- og lýðræðisnefnd. (2023, 11. apríl). *Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar um verkefni til allt að tveggja ára um breytt rekstrarfyrirkomulag Hlégarðs*. <https://ibuagatt.mos.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=Sp71Vp124Uaq2SxMofrfzw&meetingid=bu4W2HbqUiJJNqCghSzKg1&filename=Tillaga%20kj%C3%B6rinna%20fulltr%C3%BAa%20til%20nefnda%20og%20r%C3%A1%C3%B0a.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Menningarstefna*. https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menningarmal/menningarstefna_2013.pdf
- Mosfellsbær. (2023, 23. október). *Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar 25 ár í Kjarna*. <https://mos.is/mannlif/um-mosfellsbae/frettir/baejarskrifstofur-mosfellsbaejar-25-ar-i-kjarna>

-
- Mosfellsbær. (2023, 11. apríl). *Menningar- og lýðræðisnefnd #5*. [Fundargerð].
<https://mos.is/stjornsysla/baejarstjorn-rad-og-nefndir/fundargerdir/bu4W2HbqUiJJNqCghSzKg1>
- Mosfellsbær. (2022). *Menningarstefna Mosfellsbæjar 2020-2024*.
https://mos.is/media/2022/12/menningarstefna_mosfellsbajar_21.12.2022.pdf
- Mulcahy, K. (2006). Cultural Policy: Definitions and Theoretical Approaches. *The Journal of Arts Management, Law, and Society*, 35(4), 319–330.
<https://doi.org/10.3200/JAML.35.4.319-330>
- Pfeifere, D. (2022). The Issues of Defining and Classifying Cultural Centres. *Economics and Culture*, 19, 28–37. <https://doi.org/10.2478/jec-2022-0013>
- Priya, A. (2020). Case Study Methodology of Qualitative Research: Key Attributes and Navigating the Conundrums in Its Application. *Sociological Bulletin*, 70(1). <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/0038022920970318>
- Tylor, E.B. (1871). *Primitive Culture: Reasearchers into the development of mythology, philosophy, religion, art, and custom* (bindi 1). John Murray.
- Þingskjal 60. (1981–1982). *Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila*.
<https://www.althingi.is/alttext/104/s/pdf/0060.pdf>